

RÍKISENDURSKOÐUN

**SKÝRSLA UM
ENDURSKOÐUN
SAMBÝLA FATLAÐRA OG
VERNDAÐRA VINNUSTAÐA**

Febrúar 1995

Efnishlutar

Bls.

Sambýli fatlaðra.....	7
Verndaðir vinnustaðir.....	59

Efnisyfirlit

Sambýli fatlaðra

Inngangur	9
Niðurstöður	11
1 Lög og reglur um sambýli.....	15
2 Íbúar sambýla.....	17
2.1 Fjöldi íbúa.....	17
2.2 Fötlun íbúa	17
2.3 Fjöldi starfsmanna og stöðugildi	18
2.3.1 Yfirvinna starfsmanna	18
2.3.2 Umönnunarþyngd.....	20
2.3.3 Framlag ríkis til sambýla.....	21
3 Fjármál og bókhald íbúa sambýla.....	23
3.1 Trúnaðarmaður íbúa sambýla samkvæmt lögum.....	23
3.2 Rekstur sambýla.....	23
3.3 Umsjón með einkafjármunum	24
3.4 Varasjóðir íbúa.....	25
3.4.1 Umsjónaraðilar	25
3.4.2 Ábyrgð forstöðumanns	25
3.5 Eftirlit aðstandenda með fjármunum íbúa	25
3.6 Bókhald sambýla.....	26
3.7 Framlag íbúa	26
4 Húsnæði	27
4.1 Eigandi húsnæðis	27
4.2 Nýting húsnæðis	27
4.3 Húsaleiga	28
4.3.1 Húsaleigusjóður/viðhaldssjóður.....	29
4.4 Kostnaður tilheyrandi húseiganda	29
4.5 Viðhald húsnæðis.....	29
5 Bifreið	31

5.1	Sambyli með bifreið til ráðstöfunar	31
5.2	Bifreiðastyrkir íbúa sambyla.....	32
6	Eignaskrár	33
7	Stofnkostnaður	35
7.1	Stofnkostnaður sambyla.....	35
7.2	Endurnýjun tækja og áhalda sambylis	35

Verndaðir vinnustaðir

Inngangur	61
Niðurstöður	63
1 Hlutverk og markmið verndaðra vinnustaða	67
2 Samband verndaðra vinnustaða	69
3 Samanburður verndaðra vinnustaða.....	71
3.1 Stærð húsnæðis	71
3.2 Húsaleiga.....	72
3.3 Fjöldi fatlaðra starfsmanna á hvern umsjónarmann	73
3.4 Stjórn verndaðra vinnustaða	74
3.5 Fjárveiting	75
3.6 Þjónusta við fatlaða starfsmenn	76
3.7 Faglegt frammistöðumat	76
3.8 Félagsleg réttindi.....	77
3.9 Launakjör fatlaðra starfsmanna	78
3.10 Laun starfsmanna	80
4 Rekstur verndaðra vinnustaða með framlag frá ríkinu	83
4.1 Örvi	83
Verkstjórn svæðisskrifstofu Reykjanesumdæmis.....	86
4.2 Verndaður vinnustaður á Vesturlandi, VVV	86
4.3 Iðjulundur.....	89
4.4 Bjarg.....	91
4.5 Stólpi	93
4.6 Heimaey	94
4.7 Vinnustofan á Selfossi	96
4.8 Ás, vinnustofa	98

SAMBÝLI FATLAÐRA

Inngangur

Við endurskoðun Ríkisendurskoðunar á reikningsskilum málefna fatlaðra í hverjum landshluta kom í ljós töluvert ósamræmi milli sambýla varðandi greiðslur úr sameiginlegum sjóði íbúa. Þá kom einnig fram að ábyrgð forstöðumanna sambýla varðandi vörslu einkafjármuna íbúa og umsýslu þeirra er óljós. Í framhaldi af þessu var ákveðið að taka til skoðunar rekstur sambýla yfir allt landið. Við þá skoðun kom í ljós að til þess að bera saman rekstur sambýla skortir samræmdar upplýsingar. Athugun Ríkisendurskoðunar á sambýlum byggir á spurningarlistum sem sendir voru út til forstöðumanna sambýla ásamt viðræðum við framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa. Fjölbreytt þjónustu- og búsetuform, ásamt mismikilli þjónustubörf fatlaðra íbúa sambýlanna, torveldar hins vegar samanburðinn.

Skýrslan gefur hins vegar hugmynd um það misræmi sem ríkir varðandi rekstur einstakra sambýla fatlaðra.

Spurningalistar voru sendir forstöðumönnum 56 sambýla og fengust svör frá þeim öllum.

Niðurstöður

Sambýli starfa eftir lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og reglugerð nr. 541/1988 um sambýli, sem byggir á eldri lögum nr. 41/1983. Sambýli er skilgreint sem heimili fámennra hópa fatlaðra í almennum íbúðahverfum eða annars staðar sem henta þykir og líkjast venjulegum heimilum. Markmið sambýla er að efla sjálfstæði og færni íbúanna í því skyni að þeir verði eins sjálfbjarga og ráðandi um eigin hagi og kostur er.

Ný reglugerð um búsetu fatlaðra, nr. 555/1994, var gefin út 11. október 1994.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að samræmt mat verði lagt á starfsmannapörf í hverju sambýli um allt land en hún verði ekki háð mati ráðamanna á hverjum stað. Slíkur matslykill hefur verið í smíðum í Greiningar- og ráðgjafarstöðinni og er nú tilbúinn samkvæmt upplýsingum félagsmálaráðuneytis. Fjöldi stöðugilda í sambýlum er mjög mismunandi og ræðst af fötlun íbúanna og viðveru þeirra á sambýlum. Fjöldi starfsmanna í sambýlum var 393 í maí 1994 í um 289 stöðugildum. Í sama mánuði var fjöldi íbúa 282 eða umönnunarþyngd 1,02 sem þýðir að einn starfsmaður var á hvern fatlaðan íbúa. Ríflega 100 ársverk eru hins vegar fólgin í yfirvinnu. Ef tekið er tillit til þess þá er umönnunarþyngd að meðaltali um 1,38 árið 1993. Umönnunarþyngdin er mest á sambýlum einhverfra eða um 2,74 þegar einstök sambýli eru skoðuð. Ef horft er til svæða þá er umönnunarþyngd yfirleitt minnst þar sem bæði verndaðir vinnustaðir og dagvistarstofnanir eru mikið notaðar. Á Vesturlandi er umönnunarþyngdin hins vegar mjög há þrátt fyrir miklar fjarvistir íbúa að heiman. Að sögn framkvæmdastjóra svæðisskrifstofunnar á Vesturlandi er ástæðan mikið fatlaðir íbúar sem þarfnast mikillar þjónustu þegar þeir eru á sambýlunum.

Samkvæmt reglugerð um sambýli frá árinu 1988 og reglugerð um búsetu fatlaðra frá 1994 greiða íbúar allt að 75% af samanlögðum örorkulífeyri og tekjutryggingu í sameiginlegan sjóð. Forstöðumaður sambýlis hefur umsjón með þessum sjóði og heldur jafnframt bókhald vegna hans. Í könnun Ríkisendurskoðunar kom í ljós að fatlaðir íbúar sitja ekki

við sama borð hvað rekstrarkostnað sambýla varðar. Það misræmi felst aðallega í:

- a) *Húsaleigu.* Sumir íbúar sambýla greiða húsaleigu meðan aðrir búa frítt. Þá er fjárhæð húsaleigu einnig mismunandi óháð stærð húsnæðis. Þannig eru sumir íbúar að greiða um 3.700 kr. á mánuði á meðan aðrir greiða 12.000 kr.
- b) *Viðhaldskostnaði.* Sumir íbúar fá styrki til viðhalds húsnæðis og áhalda á meðan aðrir greiða slíkt fullu verði.
- c) *Matarkostnaði.* Þeir íbúar sem dvelja á dagvistarstofnunum og vernduðum vinnustöðum njóta fæðishlunninda.

Hagsýni forstöðumanns á hverjum stað ræður töluverðu um afkomu sambýla. Hins vegar sitja íbúar sambýla ekki við sama borð hvað varðar húsnæðiskostnað. Að mati Ríkisendurskoðunar er eðlilegt að íbúar greiði húsaleigu þar sem hér er ekki um vistheimili að ræða. Ríkisendurskoðun telur að til álita komi að um þær húseignir sem eru í eigu ríkisins verði gerður húsaleigusamningur. Taka verður tillit til ákvæða húsaleigulaga þar sem við á. Þá telur Ríkisendurskoðun ennfremur eðlilegt að athugað verði hvort rétt sé að þau sambýli þar sem íbúar njóta fæðishlunninda taki einhvern þátt í fæðiskostnaði dagvistarstofnana eða að hinir íbúarnir njóti sambærilegra hlunninda.

Í nokkrum sambýlum þar sem engin húsaleiga er innheimt hafa framkvæmdastjórar svæðisskrifstofu tekið hluta af sameiginlegum sjóði í viðhaldssjóð, sem ætlað er að mæta viðhaldskostnaði sambýlanna. Þessir sjóðir hafa lítið verið notaðir og hafa töluverðar fjárhæðir safnast saman í þá. Engar reglur eru til um þessa sjóði. Ríkisendurskoðun hefur talið innheimtu þeirra óheimila þar sem enginn húsaleigusamningur hefur verið gerður við íbúana og hefur lagt til að íbúum verði endurgreidd innistæða sjóðanna í hlutfalli við það sem þeir hafa greitt.

Forstöðumenn hafa yfirleitt umsjón með og vörslu á einkafjármunum íbúa. Ábyrgð forstöðumanna á þessum fjármunum og ráðstöfun þeirra er hins vegar mjög óljós. Af og til eru að koma upp árekstrar milli forstöðumanna og aðstandenda um einkafjármuni íbúa þar sem sjaldnast eru gerðir skriflegir samningar um vörsluna og ættingjar gera tilkall til fjármunanna. Þá er einnig óljóst hver staða forstöðumanna er varðandi það þegar fjárráða íbúi ráðstafar eignum sínum án afskipta og vitundar forstöðumanns. Í þeim tilvikum þar sem aðstandandi hefur umsjón með fjármálum íbúa við vistun hans á sambýli sér Ríkisendurskoðun ekkert því til fyrirstöðu að hann hafi það áfram svo framarlega sem samþykki íbúa liggja

fyrir. Hins vegar verður að vera fyrirbyggjandi skriflegur samningur milli sambýlis og viðkomandi íbúa og aðstandanda um fyrirkomulag greiðslna og afrit af þeim samningi þarf þá að vera í vörslu svæðisskrifstofu. Sama skal viðhaft ef íbúi sér sjálfur um sín fjármál. Hver sem umsjónaraðili er þá er nauðsynlegt að ekki myndist skuld íbúa við sameiginlegan sjóð og íbúa séu tryggðir vasapeningar til ráðstöfunar.

Í þeim tilvikum þar sem forstöðumaður tekur að sér umsjón annarra sjóða íbúa heldur en þann hefðbundna er eðlilegt að gerður verði sérstakur samningur þar um. Í honum skal hlutverk forstöðumanns skilgreint, fjárhæð sjóðsins og ráðstöfun. Þá þarf að skilgreina hvert eigi að vera hlutverk trúnaðarmanns varðandi þennan þátt.

Bókhald vegna sameiginlegs sjóðs sambýla á að færa reglulega þannig að hægt sé að fá nauðsynlegar upplýsingar um rekstur sambýlis. Sama er að segja um einkasjóði íbúa. Til að gera bæði svæðisskrifstofunni og íbúum kleift að fylgjast með stöðu mála þá er nauðsynlegt að gerður sé ársreikningur yfir rekstur sambýlisins og einkasjóði.

Flestir íbúar sambýla hafa tök á að ferðast með bifreiðum starfsmanna. Greiðslur fyrir slíkan akstur eru misjafnar. Sumir starfsmenn taka ákveðna fjárhæð vikulega úr sameiginlega sjóðnum, aðrir fá greitt sérstaklega fyrir hverja ferð og enn aðrir fá jafnvel ekkert greitt fyrir aksturinn. Í flestum sambýlum er hins vegar viðhöfð sú regla að starfsmaður færir akstursskýrslu og fær greitt samkvæmt kílómetragjaldi. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að sú vinnuregla verði viðhöfð vegna aksturs á öllum sambýlum. Á það skal hins vegar bent hér að skv. 35. gr. laga um málefni fatlaðra eiga sveitarfélögin að annast og greiða fyrir ferðapjónustu fatlaðra.

Nokkrir íbúar fá greiddan bensínstyrk sem er í flestum tilfellum látinn falla óskiptur inn í sameiginlegan sjóð. Með því er íbúum hins vegar mismunað þar sem viðkomandi íbúi hefur með því greitt meira en aðrir íbúar í sjóðinn. Þess skal hins vegar getið að viðkomandi styrkþegi þarf að vera skráður eigandi bifreiðar til að öðlast bensínstyrk.

Ríkisendurskoðun mælir með því að forstöðumenn haldi eignaskrár, bæði yfir eignir sambýlisins og einnig séreignir íbúanna til að fyrirbyggja árekstra við flutning íbúa og forstöðumannaskipti.

Engir staðlar eru til um stofnbúnað sambýla og eru innkaup því oftast háð mati þess sem kaupir inn hverju sinni. Ríkisendurskoðun telur

nauðsynlegt að slíkur staðall verði útbúinn til að eyða öllum vafa og misræmi.

Lítið hefur verið um endurnýjanir tækja og áhalda þar sem sambýlisformið er tiltölulega ungt og tími endurnýjunar því yfirleitt ekki runninn upp. Þegar að því kemur er hins vegar óljóst hvernig staðið skuli að því. Í reglugerð um sambýli frá árinu 1988 er tilgreint að íbúar skuli greiða "eðlilegt" viðhald. Þetta er hins vegar ekki skilgreint nánar og því háð mati hverju sinni. Í sumum tilvikum er viðhaldið tekið úr sameiginlegum sjóði. Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur veitt framlag til endurnýjunar tækja og íbúar sem leigja hjá Styrktarfélagi vangefinna hafa ekki þurft að taka þátt í þessum kostnaði. Ríkisendurskoðun telur að hér beri að samræma vinnubrögð þannig að búsetustaður íbúa skipti hann ekki fjárhagslegu máli.

1 Lög og reglur um sambýli

Sambýli starfa eftir lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra ásamt reglugerð nr. 541/1988 um sambýli, sem byggir á eldri lögum nr. 41/1983. Ný reglugerð um búsetu fatlaðra var gefin út í október 1994, nr. 555/1994. Ákvæði þessarar nýju reglugerðar eiga því ekki við um þá athugun sem gerð var varðandi málefni sambýla. Þegar vitnað er í reglugerð um sambýli er átt við reglugerð nr. 541/1988. Í lögum um málefni fatlaðra er lítið fjallað um sambýlispáttinn. Í reglugerð um sambýli er það hins vegar skilgreint sem heimili fámennra hópa fatlaðra í almennum íbúðahverfum eða annars staðar sem henta þykir og líkjast venjulegum heimilum. Þá geta sambýli verið íbúð í fjölbýlishúsi, raðhúsi, einbýlishúsi eða öðru húsnæði sem flokkast undir almennt íbúðarhúsnæði. Einnig getur eitt sambýli verið í fleiri íbúðum, enda séu þær nálægar hver annarri. Á sambýli skulu að jafnaði vera 5 til 7 íbúar sem skulu eiga kost á sérherbergjum.

Markmið sambýla er að efla sjálfstæði og færni íbúanna, í því skyni að þeir verði eins sjálfbjarga og ráðandi um eigin hagi og kostur er. Veita skal íbúum leiðsögn eftir þörfum og kappkosta að hafa þá með í ráðum um allt sem þá varðar.

Fjárframlag ríkissjóðs til sambýla felst í launagjöldum til starfsmanna auk þess sem ríkissjóður greiðir fæðiskostnað þeirra, sem rennur í heimilissjóð. Samkvæmt reglugerð um sambýli frá árinu 1988 er varið allt að 75% af samanlögðum örorkulífeyri og tekjutryggingu íbúanna til greiðslu annarra rekstrargjalda og sameiginlegra þarfa. Sameiginlegar þarfir teljast m.a. fæðiskostnaður, rafmagns- og hitakostnaður, opinber gjöld, afnotagjöld, eðlilegt viðhald og afnot af húsnæði sé um leiguhúsnæði að ræða. Forstöðumenn sambýla bera ábyrgð á heimilissjóðnum. Ábyrgð forstöðumanna sambýla á einkafjármunum íbúa er hins vegar óljós. Í 14. grein reglugerðar nr. 467 um rekstrarkostnað stofnana fatlaðra frá árinu 1990 segir aðeins að forstöðumenn stofnana, þar sem íbúar eru búsettir, séu ábyrgir gagnvart handhafa starfsleyfis, íbúum eða umboðsmönnum þeirra um vörslu einkafjármuna þeirra og sameiginlegra sjóða og skulu halda bókhald um það. Ekkert er tilgreint nánar í hvað vörslunni felst.

Ríkisendurskoðun telur að skýrari reglur þurfi að liggja fyrir um ábyrgð forstöðumanna þar sem starfssvið þeirra er mjög mismunandi frá því að vera aðeins leiðbeinendur án afskipta til þess að sjá alfarið um einkafjármál íbúa. Ríkisendurskoðun leggur til að forstöðumenn sambýla geri skriflegan samning við íbúa sambýla og/eða aðstandendur þeirra þar sem fram kemur verksvið þeirra og ábyrgðasvið. Samningurinn yrði síðan staðfestur af framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu.

2 Íbúar sambýla

2.1 Fjöldi íbúa

Í 56 sambýlum eru íbúar alls 282 eða að meðaltali 5 íbúar í hverju sambýli, en sá fjöldi íbúa er einnig algengastur. Fjöldi íbúa á sambýlum er á bilinu 2-8 en á flestum sambýlum eru 4-6 íbúar.

2.2 Fötlun íbúa

Fötlun einstaklinga er mismunandi og þar af leiðir einnig þörf þeirra fyrir þjónustu. Þar sem enginn staðlaður matslykill er til þurfa starfsmenn sambýla í samráði við svæðisskrifstofu að meta hversu mikla þjónustu á að veita. Það leiðir hins vegar til þess að samræmi verður ekki milli sambýla sem um leið gerir allan samanburð erfiðari.

Í reglugerð um sambýli frá árinu 1988 er þess getið að veita skuli íbúum leiðsögn **eftir þörfum**. Þjónustupörf fatlaðra er flokkuð og miðað við fjölda stöðugilda allt frá stöðugri vöktun allan sólarhringinn við fjölfatlaða einstaklinga til þeirra sem geta að mestu leyti séð um sig sjálfir og njóta aðeins leiðsagnar og stuðnings í daglegu lífi án stöðugar viðveru starfsmanns. Samkvæmt reglugerðinni skal mat á fjölda stöðugilda fara fram þegar sambýli tekur til starfa og síðan árlega eftir það og skal félagsmálaráðuneytið sjá til þess að slíkt mat fari fram. Slíkt formlegt mat hefur ekki farið fram en tekið er mið af upplýsingum um þjónustupörf við fjárlagagerð. Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneyti er gerð þjónustumatslykils hjá Greiningar- og ráðgjafarstöðinni nú lokið og mun mat á þjónustupörf í kjölfar hans verða samræmt milli sambýla.

Samkvæmt könnun Ríkisendurskoðunar reyndust tæpur helmingur íbúa sambýla vera greindarskertir. Þegar þeim sem einnig eru með

hegðunarvandamál er bætt við þá er fjöldinn orðinn um tveir af hverjum þremur. Um helmingur þeirra eru mikið fatlaðir.

Tafla 5. Fötlun íbúa sambýla.

Fötlun	Mikil	Miðlungs	Lítill	Alls
Greindarskerðing	21,5%	23,5%	3,2%	48,2%
Greindarskerð/hegðunarvandamál	13,2%	4,2%	1,6%	19,0%
Geðfötlun	7,4%	4,2%	0,3%	11,9%
Hreyfihömlun	8,4%	1,6%	1,0%	11,0%
Blindir/sjónskertir	4,5%	0,0%	0,0%	4,5%
Annað	5,4%	0,0%	0,0%	5,4%
Alls	60,4%	33,5%	6,1%	100,0%

Eins og gefur að skilja geta fatlaðir einstaklingar tilheyrt fleirum en einum flokki fötlunar. Sami einstaklingur gæti jafnvel tilheyrt öllum þessum hópum.

Þess skal getið að tafla 5 byggir á svari forstöðumanna sambýla um fötlun íbúanna. Skiptingin er mjög svipuð yfir allt landið.

2.3 Fjöldi starfsmanna og stöðugildi

Starfsmannafjöldi sambýla í úrtaki Ríkisendurskoðunar er samtals 393 í um 289 stöðugildum.

2.3.1 Yfirvinna starfsmanna

Árið 1993 var launakostnaður sambýla um 434.516 þús. kr. samanborið við um 395.622 þús. kr. árið 1992 sem er aukning um 38.894 þús. kr. eða 9,8%.

Tafla 1. Yfirvinnuhlutfall starfsmanna á landsvísu árið 1993.

Umdæmi	Dagv.	Yfirv.	Yfirv. hlutfall	Annað*	Alls	Fj. stg.	Meðallaun á stöðug.
Reykjavík	71.914	29.799	41,4%	32.589	134.301	78,94	1.701
Reykjanes	26.234	11.482	43,8%	12.929	50.645	30,73	1.648
Vesturland	11.347	3.723	32,8%	5.132	20.202	13,20	1.530
Vestfirðir	1.041	443	42,5%	349	1.833	0,86	2.131
Norðurland vestra	15.203	4.741	31,2%	5.964	25.908	17,82	1.454
Norðurland eystra	38.573	12.910	33,5%	17.918	69.401	41,79	1.661
Austurland	4.759	1.433	30,1%	2.454	8.646	5,60	1.544
Suðurland	20.352	6.872	33,8%	9.937	37.162	24,66	1.507
Sambýli einhverfra	20.949	7.212	34,4%	9.541	37.703	26,53	1.421
Styrktarf. vangef.	26.317	9.738	37,0%	12.660	48.715	28,48	1.711
Alls	236.691	88.352	37,3%	109.473	434.516	268,61	1.618

* Annað er vaktaálag, aukagreiðslur og launatengd gjöld.

Eins og fram kemur í töflu 1 var yfirvinna ársins 1993 um 37,3% í heild miðað við yfirvinnu sem hlutfall af dagvinnu. Árið 1992 var hlutfallið hins vegar um 35,5%. Það er því ljóst að þrátt fyrir fjölgun stöðugilda og aukningu dagvinnulauna þá jókst hlutfall yfirvinnu meira en dagvinnu. Ef töflur 1 og 2 eru skoðaðar má sjá að yfirvinnulaun jukust milli ára um 14,8% á meðan önnur laun jukust um 8,6%. Þannig jókst yfirvinnuálag hvers starfsmanns.

Yfirvinnuhlutfallið er hæst á Reykjanesi árið 1993 en er einnig hátt á Vestfjörðum og í Reykjavík. Á Vestfjörðum er hins vegar ekki um sambýli að ræða heldur þjónustu við fatlaða á svæðinu sem búa í eigin húsnæði, en sérstakur starfsmaður sér um eftirlit og stuðning varðandi fjármál þeirra. Þá skal þess getið að á öðrum svæðum er yfirvinnuhlutfallið mjög breytilegt eftir sambýlum og er hér stuðst við meðaltal á hverju svæði.

Tafla 2. Yfirvinnuhlutfall starfsmanna á landsvísu árið 1992.

Umdæmi	Dagv.	Yfirv.	Yfirv- hlutfall	Annað	Alls	Fj. stg.	Meðallaun á stöðug.
Reykjavík	57.136	22.941	40,2%	26.525	106.603	61,71	1.727
Reykjanes	27.081	8.926	33,0%	12.777	48.784	31,31	1.558
Vesturland	10.508	2.984	28,4%	4.344	17.835	12,19	1.463
Vestfirðir	325	273	84,0%	86	684	0,33	2.073
Norðurland vestra	13.831	5.286	38,2%	6.286	25.403	15,63	1.625
Norðurland eystra	42.223	15.720	37,2%	19.363	77.306	45,68	1.692
Austurland	4.385	1.297	29,6%	2.251	7.933	5,05	1.571
Suðurland	20.843	7.047	33,8%	9.949	37.839	24,40	1.551
Sambýli einhverfra	13.439	3.850	28,6%	6.560	23.849	15,86	1.504
Styrktarf. vangef.	27.144	8.652	31,4%	13.590	49.385	30,32	1.629
Alls	216.915	76.976	35,5%	101.731	395.622	243,48	1.718

Aukning yfirvinnuhlutfalls var mest á sambýlum á Reykjanesi eða rúmlega 10 prósentustig, var um 33% árið 1992 en fór síðan upp í 43,8% ári síðar. Yfirvinnuhlutfall flestra sambýla á því svæði jókst milli ára. Að sögn framkvæmdastjóra svæðisskrifstofunnar Reykjanesi geta tilfallandi veikindi íbúa sambýla krafist meiri umönnunar starfsfólks en venjulega.

2.3.2 Umönnunarþyngd

Samkvæmt reglugerð um sambýli frá árinu 1988 skal fjöldi stöðugilda miðast við þjónustupörf fatlaðra. Erfitt getur verið fyrir utanaðkomandi aðila að meta umönnunarþyngd sambýlis þar sem samræmt þjónustumat hefur ekki verið gert. Ef miðað er við fjölda starfsmanna á hvern fatlaðan íbúa þá er að meðaltali eitt stöðugildi á hvern fatlaðan starfsmann miðað við úrtak Ríkisendurskoðunar. Hins vegar er töluverð yfirvinna unnin á sambýlunum og ársverk hvers sambýlis því mun meira en stöðugildi gefur til kynna. Í töflu 3 kemur fram raunverulegur fjöldi ársverka eftir að tekið hefur verið tillit til yfirvinnu. Þess skal hins vegar getið að í sumum sambýlum eru fáir starfsmenn á virkum dögum vegna fjarvista íbúa við vinnu eða á dagvistarstofnunum. Á þeim sambýlum er umönnun mun léttari og minnkar fjölda stöðugilda á þeim sambýlum. Ekki verður lagt sérstakt mat á það hér hversu mikils virði það er í stöðugildum þar sem misjafnt er hversu margir innan hvers svæðis nýta þjónustu dagvistar eða vinnustaða, en það skal samt haft til hliðsjónar.

Tafla 3. Umönnunarþyngd íbúa sambýla árið 1993.

Árið 1993	Fj. reikn. stöðug.	Yfirv. ársverk	Ársverk alls	Fjöldi íbúa	Umönn- þyngd	Dag- vistun	Vernd. vinnust.
Reykjavík	78,94	32,71	111,65	65	1,72		X
Reykjanes	30,73	13,45	44,18	39	1,13	X	X
Vesturland	13,2	4,33	17,53	11	1,59	X	X
Vestfirðir	0,86	0,37	1,23	0			
Norðurland vestra	17,82	5,56	23,38	14	1,67	X	
Norðurland eystra	41,79	13,99	55,78	54	1,03		X
Austurland	5,6	1,69	7,29	5	1,46		X
Suðurland	44,66	8,33	53,99	44	1,20	X	X
Einhverfir	26,53	9,13	35,66	13	2,74		
Styrktarf.vangefinna	28,48	11	39,48	37	1,07	X	X
Alls	288,61	100,56	389,17	282	1,38		

Ríflega 100 ársverk eru unnin í yfirvinnu af starfsmönnum sambýla sem gerir það að verkum að umönnunarþyngd er að meðaltali um 1,38 árið 1993. Þess skal hins vegar getið að í þessum samanburði er miðað við fjölda íbúa árið 1994 en reiknuð ársverk árið 1993. Þrjú sambýli á Suðurlandi eru einkarekin og því um að ræða bein fjárframlög til þeirra í

formi tilfærslna í stað launa. Þau stöðugildi sem félagsmálaráðuneytið leggur til grundvallar eru 20. Þau eru innifalin í töflu 3.

Umönnunarþyngd er mest á sambýlum einhverfra eða um 2,74 ársverk á hvern fatlaðan íbúa. Þá er hún einnig vel yfir meðaltali í Reykjavík og á Norðurlandi vestra. Þrátt fyrir hátt yfirvinnuálag á Reykjanesi er umönnunarþyngd aðeins um 1,13. Í töflu 3 má sjá að á Reykjanesi, Vesturlandi og Suðurlandi eiga íbúar sumra sambýla kost á dagvist eða vinnu á vernduðum vinnustað. Það skýrir að hluta minni umönnunarþyngd. Á Vesturlandi er umönnunarþyngdin hins vegar vel yfir meðaltali. Að sögn framkvæmdastjóra svæðisskrifstofunnar á Vesturlandi er ástæðan mikið fatlaðir íbúar sem þarfnast mikillar þjónustu þegar þeir eru á sambýlunum. Á þessu má hins vegar sjá nauðsyn þess að samræmt mat verði lagt á þjónustupörf sambýla.

2.3.3 Framlag ríkis til sambýla

Beinn styrkur ríkis til reksturs sambýla felst í launa- og fæðiskostnaði starfsmanna. Óbeinn styrkur felst síðan í fríu húsnæði sem sumir njóta, greiðslu stofnbúnaðar í sambýlum, ýmsum framlögum úr Framkvæmdasjóði fatlaðra o.fl. Ef beinn styrkur er skoðaður má sjá að árið 1993 var verulegur munur á framlögum milli landshluta.

Tafla 4. Framlög ríkis til sambýla árið 1993.

Umdæmi	Fjöldi íbúa	Kostn. pr. íbúa
Reykjavík	65	2.066
Reykjanes	39	1.299
Vesturland	11	1.837
Norðurland vestra	14	1.851
Norðurland eystra	54	1.285
Austurland	5	1.729
Suðurland	44	1.351
Einhverfir	13	2.900
Styrktarfélag vangefinna	37	1.317
Alls	282	1.620

Eins og áður segir þarf að hafa til hliðsjónar að sambýli eru misdýr vegna þess hversu íbúar eru mismikið heima virka daga. Þá skal þess einnig getið að tvö sambýli í Reykjavík, Tindasel 1 og Fannafold 178, tóku ekki til starfa fyrr en á miðju ári 1993 og má því gera ráð fyrir enn meiri kostnaði á hvern íbúa í Reykjavík.

3 Fjármál og bókhald íbúa sambýla

3.1 Trúnaðarmaður íbúa sambýla samkvæmt lögum

Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga á heimilum fatlaðra á sviði einkalífs og meðferðar fjármuna var í lögum um málefni fatlaðra frá árinu 1992 lögfest ákvæði þess efnis að svæðisráð skipi sérstakan trúnaðarmann fatlaðra á hverju svæði. Hlutverk trúnaðarmanns fatlaðra felst því í að gæta réttinda fatlaðra gagnvart starfsmönnum sambýlis og öðrum forráðamönnum sambýla. Verksvið hans nær því ekki til þeirra sem búa á almennum heimilum. Trúnaðarmenn hafa verið skipaðir í öllum umdæmum í árslok 1994.

3.2 Rekstur sambýla

Samkvæmt reglugerð um sambýli frá árinu 1988 greiða íbúar allt að 75% af samanlögðum örorkulífeyri og tekjutryggingu í sameiginlegan sjóð. Þessum sjóði er ætlað að fjármagna sameiginlegar þarfir íbúa.

Forstöðumaður sambýlis sér um vörslu sjóðsins og greiðir úr honum til sameiginlegs reksturs og heldur bókhald vegna þess. Einnig hefur hann umsjón með fjárframlagi íbúa til rekstursins. Hann er ábyrgur gagnvart handhafa starfsleyfis, íbúum eða umboðsmönnum þeirra um meðferð rekstrarfjármuna.

Sambýli eru misvel rekin og veldur þar miklu hagsýni forstöðumanns. Fjárhagur sambýla er því mismunandi sterkur. Í sumum sambýlum er framlag hvers íbúa verulega undir hámarki meðan barist er við að ná endum saman hjá öðrum og jafnvel freistast til að innheimta meira en 75%. Í könnun Ríkisendurskoðunar kom í ljós að fatlaðir íbúar sambýla sitja ekki við sama borð hvað rekstrarkostnað varðar. Þannig eru íbúar í sumum sambýlum að greiða húsaleigu, sem er mjög mishá, á meðan aðrir íbúar búa í fríu húsnæði. Sem dæmi um slíkt má nefna að í einu sambýli bjuggu á tímabili á árinu 1993 þrír íbúar og greiddu þeir um 45 þús. kr. á mánuði í húsaleigu. Ráðstöfunarfé þeirra var því ekki nema um 33 þús. kr. á mánuði

eftir að húsaleigan hafði verið greidd. Þessi húsaleiga var óháð fjölda íbúa, en húsnæðið rúmaði 4 íbúa. Á öðru sambýli greiddu íbúar miðað við höfðatölu og á enn öðru var engin húsaleiga greidd og höfðu þeir íbúar því óskipt framlag sitt.

Þátttaka sambýla í viðhaldskostnaði er einnig mjög misjöfn. Þannig eru íbúar sumra sambýla styrktir til viðhalds húsnæðis og áhalda á meðan aðrir greiða slíkt að fullu.

Matarkostnaður íbúa er mismunandi. Sumir íbúar njóta fæðishlunninda á dagvistarstofnunum og á vernduðum vinnustöðum meðan aðrir þurfa að greiða allan mat sjálfir.

3.3 Umsjón með einkafjármunum

Forstöðumenn hafa yfirleitt umsjón með og vörslu á einkafjármunum íbúa. Í úrtaki Ríkisendurskoðunar sér forstöðumaður alfarið um fjármál íbúa í 37 sambýlum. Í aðeins einu sambýli sjá allir íbúar alfarið um sín fjármál ásamt bókhaldi. Forstöðumaður er aðeins leiðbeinandi.

Þá eru sambýli þar sem forstöðumaður og íbúi í sameiningu halda utan um fjármál íbúans. Aðeins er um 3 tilfelli að ræða þar sem ættingi sér um fjármál og bókhald íbúa, algengara er að forstöðumaður sjái um fjármálin í samráði við ættingja.

Þó fá tilvik séu fyrir því að ættingjar sjái um fjármál íbúa þá er staða forstöðumanna afar óljós í þeim tilvikum. Dæmi er um að illa gangi að innheimta frá ættingja í sameiginlegan sjóð auk þess sem íbúa er úthlutað litlum sem engum vasapeningum. Þetta skapar vandamál þar sem íbúa er nauðsynlegt að hafa peninga til ráðstöfunar til að mæta útgjöldum sem ekki tilheyra sameiginlegum rekstri sambýlisins. Forstöðumaður hefur lánað íbúa sem þannig er ástatt fyrir úr sameiginlegum sjóði, en honum er það hins vegar óheimilt. Í þeim tilvikum sem ættingi sér um fjármál fyrir íbúa er því ljóst að hann verður mjög fjárhagslega háður honum og jafnvel sambýlið allt. Það þarf því að finna lausn sem gerir íbúa og sambýli óháð ákvörðunum eins ættingja.

3.4 Varasjóðir íbúa

3.4.1 Umsjónaraðilar

Ríflega fjórðungur íbúa sambýla eiga varasjóði sem eru ýmist í umsjón aðstandenda eða forstöðumanna. Þá er einnig um að ræða sjóði sem myndast hafa vegna þess hlutar örorkulífeyris og tekjutryggingar sem ekki er lagður í sameiginlegan sjóð. Þessir sjóðir eru yfirleitt í umsjón forstöðumanna en það er hins vegar ekki algilt.

3.4.2 Ábyrgð forstöðumanns

Ábyrgðasvið forstöðumanna hefur verið óljóst. Á meðan sumir forstöðumenn sinna aðeins einkafjármunum íbúa sem safnast hafa vegna afgangss örorkulífeyris eru aðrir að taka að sér ýmsa sérsjóði t.d. ef arfur fellur íbúa í hlut. Í 14. grein reglugerðar nr. 467/1990 um meðferð einkafjármuna er aðeins tiltekið að forstöðumenn séu ábyrgir fyrir vörslu einkafjármuna íbúa en ekki er nánar tiltekið hvað í því felst. Sumir hafa velt upp þeirri spurningu hvort ábyrgðasviðið nái yfir þá sjóði íbúa sem forstöðumaður hefur ekki með höndum og jafnvel enga vitneskju um. Það er hins vegar ljóst að verulegur fjöldi forstöðumanna hafa tekið að sér varasjóði fyrir íbúa og því nauðsynlegt að umsýsla og ábyrgðarsvið forstöðumannsins sé ljós. Íbúar eru yfirleitt fjárráða og lítið er um samninga milli íbúa og sambýla. Aðeins um fjórðungur sambýla hefur gert samning við íbúa og um þriðjungur hafa gert samning við aðstandendur. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að skriflegur samningur liggja fyrir í hverju sambýli undirritaður bæði af íbúa og eftir atvikum aðstandanda ef hann er til staðar þannig að samskiptin séu ljós. Þá telur Ríkisendurskoðun enn fremur að forstöðumenn eigi aðeins að hafa umsýslu með þeim einkafjármunum sem safnast hafa vegna örorkulífeyris og tekjutryggingar. Aðrir sjóðir skuli vera í vörslu íbúans, aðstandanda eða fjárhaldsmanns. Ef sérstaklega er óskað eftir því við forstöðumann að hann taki að sér vörslu slíks sjóðs, þá skal sérstaklega um það samið, skriflega, þar sem tilgreint er hvað í umsýslunni felst, m.a. í hvað forstöðumanni er heimilt að ráðstafa sjóðnum.

3.5 Eftirlit aðstandenda með fjármunum íbúa

Eftirlit aðstandenda er yfirleitt mjög takmarkað. Upplýsingagjöf um fjármál íbúa er mjög mismunandi. Sem dæmi um mjög virkt eftirlit er sambýlið á Sauðárkróki. Þar útbýr forstöðumaður rekstraryfirlit og sendir aðstandendum árlega. Það gefur hins vegar auga leið að í þeim sambýlum

þar sem rekstraryfirlit er ekki fyrirliggjandi er eftirlit aðstandenda eða jafnvel íbúa sjálfra mjög erfitt.

3.6 Bókhald sambýla

Yfirleitt hefur forstöðumaður umsjón með bókhaldi sambýla auk umsjónar með fjármálum þeirra. Nokkrar undantekningar eru þó á því.

Það vantar töluvert upp á að gerðir séu ársreikningar vegna sameiginlegs rekstrar sambýla. Þá skortir enn meira að gerð séu rekstraryfirlit yfir einkafjármuni íbúa. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að ársreikningar séu gerðir bæði vegna sameiginlegs rekstrar og einnig vegna einkafjármuna íbúa því að án þeirra er eftirlit illmögulegt.

3.7 Framlag íbúa

Algengasta fjárhæðin sem hver íbúi greiddi í sameiginlegan sjóð á árinu 1993 er um 25-27 þús. kr. á mánuði. Gjaldldagi var yfirleitt 3-10. hvers mánaðar. Nokkrar undantekningar eru hins vegar á því. Þannig kemur fyrir að einhverjir íbúar séu látnir greiða framlag sitt fyrirfram ef fjárhagsstaða sambýla er erfið og jafnvel hafa allir íbúar á einu sambýli greitt framlag sitt fyrirfram. Í slíku tilfalli er um vandamál að ræða sem þarf að leysa. Ef einn eða fleiri íbúar tækju upp á því að flytja þyrfti sjóðurinn að endurgreiða þeim auk þess sem nýir íbúar þyrftu að greiða meira en einn mánuð í upphafi. Þá eru dæmi um að íbúar skuldi framlag sitt í sameiginlega sjóðinn, að hluta til eða að fullu. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að forstöðumenn þeirra sambýla sem svona er ástatt um að meta fjárhagsstöðuna í samráði við svæðisskrifstofu og finna lausn vandans.

4 Húsnæði

4.1 Eigandi húsnæðis

Tæpur helmingur fasteigna sambýla er í eigu ríkisins eða alls 27. Þá eiga tvö félög einnig stóran hluta en það eru annars vegar Styrktarfélag vangefinna með 9 fasteignir og Öryrkjabandalag Íslands einnig með 9 fasteignir. Landssamtökin Proskahjálpi eiga 3 fasteignir auk 3ja fasteigna í sameign með íbúum sambýlanna. Þá leigja 3 forstöðumenn fasteignir undir sambýli. Blindrafélagið og Geðverndarfélag Akureyrar eiga eina fasteign hvort. Hagsmunaaðilar fatlaðra geta sótt um og fengið lán frá Húsnæðisstofnun til kaupa og bygginga félagslegra íbúða án samþykkis félagsmálaráðuneytisins. Þetta hefur leitt til þess að forgangsröð verkefna ráðuneytisins og svæðisráða hefur riðlast vegna sambýla sem þannig hafa verið sett á stofn án þess að gert hafi verið ráð fyrir rekstrarkostnaði eða umönnun íbúa eða hann orðið meiri en ráð var fyrir gert. Ríkisendurskoðun telur því eðlilegt að hagsmunasamtök hafi ráðuneytið og svæðisráð með í ráðum áður en farið er út í framkvæmdir.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á þróun hagsmunasamtaka, t.d. Öryrkjabandalags Íslands. Þeim er ætlað að gæta hagsmuna skjólstaðinga sinna, en eins og þróunin er í dag stefna þessi félög í að verða báðum megin borðsins með því að gæta bæði hagsmuna leigjenda og leigusala.

4.2 Nýting húsnæðis

Stærð húsnæðis sem sambýli hafa til ráðstöfunar eru mjög mismunandi og rými hvers íbúa. Stærsta rýmið á hvern íbúa er í sambýlinu Sæbraut en það er um 85 m². Minnsta rýmið sem hver íbúi hefur er í sambýlinu Blesugróf 29, en þar hefur hver íbúi um 28 m² til ráðstöfunar. Meðaltal rýmis fyrir hvern íbúa miðað við allt landið er um 50 m². Í reglugerð um sambýli er ekki gert ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsmenn. Þannig eru starfsmenn sumra sambýla með afdrep á meðan aðrir hafa enga aðstöðu, hvorki fyrir bókhald sambýlisins né til hvíldar í frítímum. Í þeim sambýlum þar sem aukarými er fyrir hendi og greidd er húsaleiga er ljóst að íbúar

greiða fyrir þetta aukarými starfsmanns. Töluvert er um aukarými í sambýlum og dæmi eru að herbergi standi ónotuð mánuðum saman og eru íbúarnir að greiða fyrir ónotuð herbergi. Húsaleiga er greidd af sameiginlegum sjóði íbúa. Á einu sambýli fékk íbúi að halda herbergi í nokkra mánuði með samþykki svæðisskrifstofu án þess að greiða í sameiginlegan sjóð, og þar með talda húsaleigu. Í því tilviki þurftu aðrir íbúar að greiða fyrir ónotaða herbergið án þess að hafa nokkuð um það að segja. Ef herbergi standa ónotuð einhvern tíma þá telur Ríkisendurskoðun koma til álita að svæðisskrifstofa brúi bilið þar til það hefur verið leigt út á ný.

4.3 Húsaleiga

Verulegt misræmi er í því hvort fatlaðir íbúar sambýla greiði húsaleigu eða ekki. Það veltur oft á því hver á húsnæðið og einnig hvar sambýlið er staðsett á landinu. Ef sambýli er í eigu félagasamtaka þurfa íbúar undantekningarlaust að greiða húsaleigu. Ef sambýli er hins vegar í eigu ríkisins þá er ýmist greidd húsaleiga eða ekki. Fatlaðir íbúar sambýla í Reykjavík, á Vesturlandi, Norðurlandi vestra, Austurlandi og Suðurlandi þurfa ekki að greiða húsaleigu á meðan fatlaðir íbúar á Reykjanesi og Norðurlandi eystra þurfa þess.

Húsnæði er misdýrt. Sum sambýli þurfa að greiða stóran hluta af sameiginlegum sjóði sínum í húsaleigu á meðan önnur greiða aðeins lítinn hluta og enn önnur ekki neitt. Upphæð húsaleigunnar er mismunandi, allt eftir því hvort íbúar leigja af félagasamtökum eða ríkinu. Munurinn getur verið allt að helmingur. Þá greiðir ríkissjóður húsaleigu fyrir sambýlið Þverárseli 28, en eigandi húseignarinnar er Öryrkjabandalag Íslands. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að hér sé samræmt milli sambýla þannig að það sé ekki hagsmunamál fyrir fatlaða hvar þeir leigja og af hverjum.

Fyrir þá aðila sem greiða húsaleigu skiptir það einnig miklu máli að húsnæðið sé fullnýtt eins og fyrr segir. Dæmi um slíkt er sambýlið að Klettahrauni 17, Hafnarfirði annars vegar og Helgamagrastræti 28 á Akureyri hins vegar. Í hinu fyrrnefnda eru 7 íbúar sem greiða í húsaleigu um 26 þús. kr. á mánuði. Hver íbúi fyrir sig greiðir því um 3.700 kr. Í síðarnefnda sambýlinu eru hins vegar aðeins 4 íbúar sem þurfa að standa undir 46 þús. kr. húsaleigu á mánuð, eða um 11,5 þús. kr.

4.3.1 Húsaleigusjóður/viðhaldssjóður

Hjá sambýlum í húsnæði ríkissjóðs og greiða fyrir það húsaleigu hefur safnast í sjóði sem að sögn framkvæmdastjóra svæðisskrifstofa var upphaflega ætlað að mæta viðhaldskostnaði. Lítið hefur hins vegar verið greitt úr þessum sjóðum. Með rýmkun laga um úthlutanir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra varðandi viðhaldskostnað hafa þessir sjóðir orðið óþarfir. Ríkisendurskoðun leggur til að innistæður sjóða verði endurgreiddar íbúum sambýlanna í hlutfalli við það sem þeir hafa greitt í sjóðinn.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að tekin verði ákvörðun um það hvort reikna eigi húsaleigu fyrir það húsnæði sem ríkið lætur sambýli í té en eðlilegt má telja að íbúar geiði fyrir afnot sín af húsnæði enda gert ráð fyrir slíkum kostnaði í bótum þeirra. Þá þarf að taka tillit til ákvæða húsaleigulaga í þessu sambandi.

4.4 Kostnaður tilheyrandi húseiganda

Algengt er að íbúar sambýla greiði fasteignagjöld þar sem ríkið er eigandi húsnæðisins og þá jafnvel óháð því hvort íbúar greiða húsaleigu eða ekki. Í þeim sambýlum þar sem svæðisskrifstofa innheimtir húsaleigu er þetta því viðbótarkostnaður. Ríkisendurskoðun gagnrýnir að íbúar greiði þau gjöld sem húseiganda ber að greiða og telur það ekki tilheyrja leigjendum hvort sem um húsaleigu er að ræða eða ekki. Félagsmálaráðuneytið telur að ákvæði í reglugerð um sambýli frá árinu 1988 heimili greiðslu fasteignagjalda úr sameiginlega sjóðnum en þar segir að meðal kostnaðar sem tilheyrir sambýli séu opinber gjöld. Ríkisendurskoðun telur hins vegar að íbúum beri ekki að greiða þennan kostnað því samkvæmt húsaleigulögum nr. 44/1979 kemur skýrt fram að fasteignagjöld skuli greiðast af húseiganda. Semja þarf því sérstaklega um þennan hátt ef hann skal viðhafður.

4.5 Viðhald húsnæðis

Í reglugerð um sambýli frá árinu 1988 er tilgreint að af sameiginlegum sjóði skuli greiða eðlilegt viðhald húsnæðis. Hins vegar er það óljóst í þessum lögum hvað telst "eðlilegt" viðhald. Sem dæmi má nefna að í sambýlinu Giljaseli 7 var settur gólfdukur, dúklögn í bílskúr, hreingerning og fleira alls um 179 þús. kr. Þessi fjárhæð var greidd úr sameiginlegum sjóði íbúa. Húseigandi er ríkissjóður. Í sambýlinu Þverárseli 28 var einnig skipt um gólfduk í holi og eldhúsi auk frágangs á lóð. Hér er Öryrkjabandalag Íslands húseigandi og greiddu þeir fyrir

viðhaldið. Húsaleigan er hins vegar greidd af ríkissjóði. Viðhaldið var því íbúum að kostnaðarlausu. Hér er því um verulegt ósamræmi að ræða og nauðsynlegt að fastari reglum verði komið á. Félagsmálaráðuneytið upplýsir að hér hafi verið um að ræða uppsetningu á líkamsræktaraðstöðu fyrir íbúa í Giljaseli 7.

Þá varð sú breyting með nýjum lögum um Framkvæmdasjóð fatlaðra árið 1992 að rýmkaðar voru reglur um úthlutanir að sjóðnum en nú er heimilt að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til meiriháttar viðhaldsframkvæmda. Það þarf því að fá fram skýrari línur hvað telst eðlilegt viðhald og meiriháttar viðhaldsframkvæmdir. Á árinu 1993 var hins vegar lítið um viðhaldsframkvæmdir á húsnæði sambýla og íþyngdu þær framkvæmdir yfirleitt lítið fjárhag sambýla þar sem þær voru í flestum tilvikum fjármagnaðar af eigendum húsnæðisins eða Framkvæmdasjóði fatlaðra.

5 Bifreið

5.1 Sambýli með bifreið til ráðstöfunar

Lítið er um að íbúar sambýla eigi bifreiðar sjálfir. Nokkur dæmi eru þó um að bifreiðar séu í eigu sambýlis en þær hafa þá í flestum tilvikum verið keyptar fyrir styrktarfé. Rekstur þeirra bifreiða er tekin úr sameiginlegum sjóði. Þó fatlaðir íbúar sambýla eigi ekki bifreiðar sjálfir hafa þeir flestir tök á að ferðast með bifreiðum starfsmanna sambýla. Greiðslur fyrir þann akstur er mjög breytilegur milli sambýla. Sum sambýli hafa þá reglu að sá starfsmaður sem ekur íbúa fær reglulega fasta ákveðna fjárhæð sem greidd er úr sameiginlegum sjóði. Aðrir hafa þá reglu að íbúi greiðir sjálfur fyrir hverja ferð og einnig er tilvik þar sem svæðisskrifstofan greiðir fyrir aksturinn. Einnig eru dæmi um að aksturinn sé einfaldlega ekki greiddur. Tæpur helmingur sambýla hefur hins vegar þá reglu að starfsmaður færir akstursskýrslu sem hann fær síðan greidda miðað við þann kílómetrafjölda sem hann raunverulega ók. Ríkisendurskoðun hvetur til þess að önnur sambýli taki það síðastnefnda sér til eftirbreytni það er að greiða starfsmanni akstur samkvæmt skýrslu. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að í 35. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, segir að sveitarfélög skuli gefa fötluðum kost á ferðaþjónustu til að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tómsstunda. Ríkisendurskoðun telur að íbúar sambýla hafi a.m.k. að hluta til greitt úr sameiginlegum sjóði ferðir sem sveitarfélagi bar að greiða. Þá áætla félagsmálaráðuneytið ákveðið framlag í fjárlögum vegna aksturs forstöðumanna vegna útréttinga þeirra fyrir sambýlið. Þá eru einnig nokkur sambýli með bifreið til ráðstöfunar og er allur rekstrarkostnaður bifreiðar greiddur úr sameiginlegum sjóði íbúa. Töluverð óvissa er því varðandi aksturskostnað sambýla og telur Ríkisendurskoðun nauðsynlegt að settar verði skýrari reglur um hann.

5.2 Bifreiðastyrkir íbúa sambýla

Nokkrir íbúar sambýla fá greiddan bifreiðastyrk. Misjafnt er hvernig þessum bifreiðastyrk er ráðstafað. Í nokkrum tilvikum hefur þessi styrkur verið látinn renna óskiptur í sameiginlegan sjóð. Ríkisendurskoðun telur það hins vegar ekki samræmast reglugerðinni frá árinu 1988 um sambýli þar sem með þessu er viðkomandi íbúi að greiða meira en aðrir íbúar auk þess sem hann greiðir meira en 75% af samanlögðum örorkulífeyri og tekjutryggingu ef sá kvóti er fullnýttur. Í þeim tilvikum sem viðkomandi íbúi nýtir aksturinn meir en aðrir íbúar er eðlilegast að hann greiði fyrir það úr eigin sjóði samkvæmt akstursskýrslu.

6 Eignaskrár

Áður en könnun Ríkisendurskoðunar hófst var eignaskrá almennt ekki fyrirbyggjandi, hvorki fyrir eignir sem tilheyrðu sambýlinu né íbúum. Flestir forstöðumenn brugðust hins vegar skjótt við og eru nú flest sambýli þegar búin að útbúa eignaskrá eða eru með slíkt í vinnslu og er það til mikillar fyrirmyndar. Ríkisendurskoðun telur æskilegt að eignaskrár séu fyrirbyggjandi í sambýlum ásamt eintaki á svæðisskrifstofu til að ekki fari á milli mála hver eign íbúa er ef til flutnings kemur eða forstöðumannaskipti eiga sér stað.

7 Stofnkostnaður

7.1 Stofnkostnaður sambýla

Við stofnun sambýlis er úthlutað ákveðnu fjármagni til kaupa á stofnbúnaði. Engar reglur eru hins vegar til um hvað telst stofnbúnaður og eru innkaup því oft háð mati þess sem kaupir inn. Óljóst er hvort uppbvottavél eða örbylgjuofn telst til stofnbúnaðar. Nauðsynlegt er að setja upp ákveðinn staðal til að eyða þessum vafa.

Þá virðist óljóst hverjir eigi að standa að fjármögnun nauðsynlegra hjálpartækja fatlaðra í sambýlum, hvort slíkt tilheyrði almennum stofnkostnaði eða hvort veita eigi sérstaklega til slíks. Ríkisendurskoðun telur slíkt heyra undir Framkvæmdasjóð fatlaðra ef um er að ræða sameiginleg afnot íbúa en heyra undir Tryggingastofnun ríkisins ef um einstakling er að ræða og beri að metast hverju sinni.

7.2 Endurnýjun tækja og áhalda sambýlis

Þegar sambýli er sett á fót þá leggur ríkissjóður til ákveðið fjármagn sem varið er til kaupa á hinum ýmsu tækjum og áhöldum sem forstöðumaður metur að séu nauðsynleg heimilinu. Hins vegar er ekki tilgreint í reglugerð um sambýli hvernig staðið skuli að endurnýjun þessara tækja og áhalda.

Þegar endurnýjunar er þörf þá er hún í flestum tilvikum fjármögnuð með framlagi úr sameiginlegum sjóði. Sameiginlegir rekstrarsjóðir sambýla eru hins vegar misvel í stakk búnir til að mæta þessum endurnýjunum. Í þeim sambýlum þar sem svigrúm er mjög lítið hafa forstöðumenn aukið framlag íbúa yfir 75% hámarkið, jafnvel nokkra mánuði í einu til að safna fyrir einhverjum ákveðnum hlut. Það er hins vegar ekki heimilt nema það sérstaka framlag ásamt framlagi til sameiginlegs reksturs sé undir 75% af samanlögðum örorkulífeyri og tekjutryggingu eða jafngildi þess. Forstöðumaður skal gæta þess að íbúar greiði ekki meira en reglur segja til um og þarf því að draga úr rekstrarkostnaði ef 75% hámarkið er

fullnýtt og safna þannig fyrir endurnýjuðum hlut. Hér þarf því að finna viðunandi lausn þannig að endurnýjun tækja og áhalda geti gengið eðlilega fyrir sig.

Íbúar sambýla sem Styrktarfélag vangefinna rekur taka engan þátt í kostnaði vegna endurnýjunar. Styrktarfélagið ásamt Framkvæmdasjóði fatlaðra standa að fullu straum af þeim kostnaði.

Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur í nokkrum tilvikum styrkt sambýli til kaupanna. Stjórnarnefndin hefur í þeim tilvikum metið sérstaklega þær umsóknir og haft til viðmiðunar ef sérstaklega erfiðir íbúar dvelja á sambýlum. Í lögum um málefni fatlaðra frá árinu 1992 eru hins vegar engar heimildir til úthlutunar slíkra framlaga. Ef áframhald á að verða hér á er nauðsynlegt að greinilegri lagaheimilda verði aflað til slíkra úthlutana.

Af ofangreindum atriðum má sjá að verulegt ósamræmi er í þessari fjármögnun og fyrir íbúa sambýlis getur það skipt verulega fjárhagslega máli hvar hann er búsettur. Þá skal þess einnig getið að tiltölulega lítið hefur verið um endurnýjanir áhalda og tækja enn sem komið er þar sem þetta búsetuform er tiltölulega ungt og mörg sambýlin stofnuð á svipuðum tíma. Það má því gera ráð fyrir verulegri endurnýjunarþörf á næstu árum og því nauðsynlegt að fastar reglur verði settar áður en til þess kemur.

Fylgiskjal 1.

Reykjavík, 25. apríl 1994

Fyrirspurnir til forstöðumanna sambýla varðandi rekstur árið 1993:

Heimilisfang sambýlis er _____

Forstöðumaður: _____

Fjöldi starfsmanna _____ í _____ stöðugildum.

1.0 Íbúar sambýlisins:

1.1 Hversu margir íbúar eru í sambýlinu? _____

1.2 Hver er fötlun íbúa sambýlisins? (Vinsamlegast setjið inn fjöldann)	Mikil	miðlungs	lítil
a) greindarskerðing	_____	_____	_____
b) greindarskerðing/hegðunarvandamál	_____	_____	_____
c) geðfötlun	_____	_____	_____
d) hreyfihamlaðir	_____	_____	_____
e) blindir/sjónskertir _____	_____	_____	_____
f) annað, þá hvað _____	_____	_____	_____

2.0 Fjármál og bókhald íbúa sambýla:2.1 Hver hefur umsjón með og vörslu á fjármunum íbúa sambýlisins?
(Vinsamlegast setjið inn fjöldann).

- a) Forstöðumaður fyrir _____ íbúa sambýlisins.
- b) Ættingjar/vinir fyrir _____ íbúa sambýlisins.
- c) _____ íbúar sjá sjálfir.

2.2 Hver hefur umsjón með bókhaldi einkafjármuna íbúa sambýlisins?
(Vinsamlegast setjið inn fjöldann).

- a) Forstöðumaður fyrir _____ íbúa sambýlisins.
- b) Ættingjar/vinir fyrir _____ íbúa sambýlisins.
- c) _____ íbúar sjá sjálfir um.

2.3 Hversu margir íbúar eiga einhvern varasjóð og hver hefur umsjón með honum?

- 2.4 Hversu margir aðstandendur hafa eftirlit með fjármunum íbúanna? ____
- 2.5 Er fyrirbyggjandi samningur milli:
- a) íbúanna og sambýlisins um fjármál? _____
- b) aðstandenda og sambýlisins um fjármál íbúa? _____
- 2.6 Er fyrirbyggjandi ársreikningur sambýlisins vegna ársins 1993 þar sem fram koma gjöld og tekjur sambýlisins ásamt stöðu á sjóði og tékkareikningi í árslok? ____

Ef já, vinsamlegast sendið eintak.

- 2.7 Er fyrirbyggjandi ársreikningur fyrir einkafjármuni íbúa þar sem gerð er grein fyrir öllum innborgunum og útborgunum á árinu 1993? ____

Ef já, vinsamlegast sendið eintak.

- 2.8 Hvert er heildarframlag hvers íbúa árið 1993 í sameiginlegan sjóð í krónutölu?

Nafn íbúa	Ársframlag	Nafn íbúa	Ársframlag
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____
_____	_____	_____	_____

- 2.9 Hvenær er gjalddagi framlags íbúa til sambýlisins? _____

- 2.9.1 Hvenær á greiðsla sér yfirleitt stað? _____

- 2.9.2 Skuldar einhver íbúi framlag í sameiginlegan sjóð? _____

Ef svo er, hversu mikið og ástæða þessa?

- 2.9.3 Hefur einhver íbúi greitt framlag sitt fyrirfram? _____

Ef svo er, hversu mikið og ástæða þessa?

3.0 Húsnæði:

- 3.1 Hver er eigandi húsnæðisins? _____

- 3.2 Hversu stórt er húsnæðið í fermetrum? _____

- 3.3 Hversu mörg herbergi eru í húsnæðinu? _____

3.4 Hver er húsaleigan á mánuði? _____

Vinsamlegast sendið afrit af leigusamningi.

3.5 Er einhver annar kostnaður, sem að öllu jöfnu tilheyrir húseiganda, greiddur vegna húsnæðisins, t.d. húseigendagjald? _____

3.6 Hafa átt sér stað viðgerðir á húsnæði sambýlisins? _____

Ef svo er hvaða? _____

Hverjir hafa fjármagnað kostnað við framkvæmdirnar? _____

3.7 Er einhver samningur í gildi milli húseiganda og sambýlis um viðhaldskostnað?

4.0 Bifreið:

4.1 Hefur sambýlið bifreið til ráðstöfunar? _____

4.1.1 Ef svo er hver er þá eigandi bifreiðarinnar? _____

4.1.2 Ef sambýlið er eigandi bifreiðarinnar, hvernig voru kaupin fjármögnuð?

4.2 Fær einhver íbúa sambýlisins bifreiðarstyrk? _____

4.2.1 Ef svo er hvernig er honum varið? _____

4.3 Ef starfsmenn aka í þágu sambýlisins hvernig er þá greiðslum fyrir það háttað?

5.0 Eignaskrá:

5.1 Er eignaskrá fyrir hendi í sambýlinu yfir sameign? _____

Ef já, vinsamlegast sendið afrit.

5.2 Er eignaskrá til yfir séreign einstaklinga í sambýlinu? _____

Ef já, vinsamlegast sendið afrit.

5.2.1 Ef eignaskrá er fyrir hendi, hver hefur umsjón með skráningu? _____

5.2.2 Hvenær var fært inn í eignaskrána síðast? _____

6.0 Stofnkostnaður:

6.1 Hvernig er endurnýjun tækja og áhalda sambýlisins fjármögnuð?

a) Með framlagi úr sameiginlegum sjóði sambýlisins

b) Með sérstöku framlagi íbúa? _____

c) Úr Framkvæmdasjóði fatlaðra? _____

d) Með öðrum leiðum, þá hverjum? _____

7.0 Athugasemdir: _____

Fjöldi		Um- Greindarskerðing og hegðunar.v.		Geðfötlun		Hreyfihömlun		Blindir	
stm.	stg. íbúa	önnun	mikil miðl. lítil	mikil miðl. lítil	mikil miðl. lítil	mikil miðl. lítil	mikil miðl. lítil	sjónsk.	Annað

[Sundurliðun fjarlægð úr
rafrænni útgáfu
skýrslunnar]

	Umsj.	Umsj.	Fj.	Umsj.	Fj.	Samn.	Samn.	Ársr.	Ársr.	Gjaldd.	Skuld	Fyrirfr.
Fj. íb.	fjárm. a)b)c)**	bókh. a)b)c)**	varasj. varasj.	eftirl. aðstand.	íbúa/samb. aðst./samb.	samb. einkafj.	framl. íbúa	framlag	gr.	framlag	gr.	framlag

[Sundurliðun
fjarlægð úr
rafrænni útgáfu
skýrslunnar]

Eigandi	Fj. m ²	Fjöldi herb.	m ² á íbúa	Leiga	Annar kostn. Viðg.	Greitt af	Samningur um viðhald
---------	-----------------------	-----------------	--------------------------	-------	--------------------------	--------------	-------------------------

[Sundurliðun
fjarlægð úr rafrænni
útgáfu skýrslunnar]

		Ráðst.	Greitt fyrir	Eigna-	Eigna-					
Bifr.	Eign magnað	Bifr. styrk	bifr. styrk	akstur km	annað samb.	skrá íbúa	skrá	Umsj. eignaskrár	Síðast fært	Endurnýjun tækja (sjá sp.6)

[Sundurliðun
fjarlægð úr
rafrænni útgáfu
skýrslunnar]

Fylgiskjal 6.

Leiðbeinandi reglur fyrir forstöðumenn sambýla, teknar saman af Ríkisendurskoðun, um færslu bókhalds og vörslu einkafjár íbúa.

1.0. Bókhald sambýla:

1.1. Fylgiskjöl: Eins og fram kemur í 11. grein reglugerðar nr. 541/1988 um sambýli, skal varið allt að 75% af samanlögðum örorkulífeyri og tekjutryggingu eða jafngildi þess, til sameiginlegra þarfa íbúanna. Fylgiskjal skal bera með sér heildar tryggingabætur hvers fyrir sig og hlutfallslegt framlag hans til sameiginlegs rekstrar sambýlisins mánaðarlega. Samanlögð framlög skulu síðan lögð inn í banka og innleggsseðill heftur við framlög íbúanna og skjalið sett í tímaröð í fylgiskjalamöppu með öðrum gögnum.

Samkvæmt 11. grein reglugerðar nr. 467/1990 um rekstrarkostnað stofnana fyrir fatlaða, greiðir ríkissjóður fæðiskostnað starfsmanna á sambýlum. Fæðiskostnaður þessi rennur í heimilissjóð hvers sambýlis. Greiðsluskjalið skal á sama hátt sett í tímaröð í fylgiskjalamöppu og fjárhæðin lögð á bankareikning sambýlisins og innleggsseðill látinn fylgja með greiðsluskjalinu.

Gjafir og aðrar tekjur sambýlisins skulu meðhöndlast á sama hátt og bera með sér hverjar þær eru.

Í 11. grein reglugerðar nr. 541/1988 segir svo: "Til sameiginlegra þarfa íbúanna teljast m.a. fæðiskostnaður, rafmagns- og hitakostnaður, opinber gjöld, kaup á heimilistryggingu, afnotagjald síma, sjónvarps og útvarps, eðlilegt viðhald og afnot af húsnæði sé um leiguhúsnæði að ræða." Allar greiðslur sem inntar eru af hendi til sameiginlegra þarfa úr sjóðum sambýlisins, skulu greiddar með ávísunum án undantekninga. Þá þykir ennfremur rétt að fastur sjóður verði tíu þúsund krónur, til notkunar fyrir starfsfólk, í fjarveru forstöðumanns. Endurnýjun sjóðsins fer síðan þannig fram að nótur sem í sjóðinn hafa safnast eru greiddar með ávísun og bókfærðar á venjulegan hátt, þannig er sjóðurinn ávallt kr. 10.000. Á bak við hverja greiðslu skal vera frumreikningur (ekki afrit) og hann samþykktur af forstöðumanni. Skrifa skal ávísananúmer á hvern reikning (kvittun) og setja síðan í þeirri röð í fylgiskjalamöppu.

1.2. Sjóðdagbók: Sjóðdagbókina skal merkja sambýlinu greinilega á kápu.

Sjóðdagbókina ber að færa daglega (með penna). Skrá ber dagsetningu greiðslu, hverjum greitt og hvað, og síðan fylgiskjalanúmer sem jafnframt er skráð á fylgiskjalalið við færslu. Mælt er með eftirfarandi merkingu dálka:

Tékkareikningur og nr.

Tekjur:

- Framlag íbúa.
- Framlög starfsmanna.
- Vaxtatekjur.
- Aðrar tekjur.

Gjöld:

Matur og hreinlætisvörur.
Rafmagn og hiti.
Sími og burðargjöld.
Ritföng og föndur.
Húsbúnaður og tæki.
Viðhald fasteignar.
Vátryggingar.
Lyf og heilsugæsla.
Akstur og ferðakostnaður.
Ýmsir reikningar.

Hver mánuður færirst sjálfstætt. Sjóðdagbókin er lögð saman í lok hvers mánaðar og hún afstemmd þannig að niðurstöður DEBET færslna séu jafnháar niðurstöðum KREDIT færslna. Athugið að fylgiskjöl séu númeruð í samfelldri töluröð **innan ársins**, frá nr. 1 og upp. Telja verður ágæta reglu að skila bókhaldi og fylgiskjöllum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti til svæðisskrifstofu til frekari úrvinnslu.

Ársreikningur eða yfirlit yfir rekstur og stöðu hvers sambýlis á svæðinu skal liggja fyrir 1. febrúar fyrir undangengið ár. Eitt eintak fyrir hvert sambýli varðveitist á svæðisskrifstofu og eitt eintak verði sent Ríkisendurskoðun.

2.0. Varsla einkafjármuna.

Keypt verði tvöföld sjóðbók fyrir hvern einstakling og hún greinilega merkt honum. Inneign í banka 1. janúar verði færð bankamegin og inneign í sjóði sjóðmegin. Mánaðarlegar tryggingabætur séu þar færðar samkvæmt innleggsseðli debet bankamegin. Úttektir úr bankabók(um) séu færðar kredit banka og debet sjóð sé um að ræða vasapeninga til vörslu hjá forstöðumanni. Ef um er að ræða framlag til heimilissjóðs færirst það einungis kredit banka. Allar úttektir úr vasapeningasjóði ber að færa jafnóðum samkvæmt nótu eða gildu fylgiskjali kredit á sjóð. Að lokinni hverri síðu sjóðbókarinnar ber að leggja saman bæði banka og sjóð og flytja mismuni á milli síðna eins og gert er ráð fyrir í sjóðbókinni, aðgreint verði á milli mánaða. Þannig á mismunur sjóðsreiknings að sýna peninga í sjóði og mismunur bankareiknings að túlka inneign/skuld í banka. Gert er ráð fyrir að hvort tveggja sé afstemmt, þ.e. peningar taldir í sjóði og banki afstemmdur reglulega. Fylgiskjöl ber að varðveita í fylgiskjalamöppu merktri hverjum einstaklingi, þannig að færslur sjóðbókar séu rekjanlegar til þeirra.

Að gefnu tilefni skal tekið fram að forstöðumaður er ábyrgur fyrir og ber að hafa eftirlit með einkafjármunum íbúanna, hann verður jafnframt ávallt að vera undir það búinn að fyrirvaralaust eftirlit v/hagsmuna íbúanna verði framkvæmt.

Fylgiskjal 7.
Dæmi um samning milli sambýlis og íbúa.

**Samningur um sameiginlegan rekstur sambýlis
og vörslu á einkafjármunum íbúa.**

1. gr.

Íbúi sambýlisins greiðir mánaðarlega allt að 75% af fullum örorkulífeyri og tekjutryggingu eða jafngildi þess til sameiginlegs reksturs sambýlisins, sbr. 3. mgr. 6. gr. reglugerðar um búsetu fatlaðra nr. 555/1994. Til sameiginlegs reksturs telst m.a. fæðiskostnaður, rafmagns- og hitunarkostnaður, kaup á heimilistryggingu, afnotagjöld síma, sjónvarps og hljóðvarps, eðlilegt viðhald og húsbúnaður. Jafnframt skal heimilissjóðurinn standa undir kostnaði af viðhaldi á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu.

2. gr.

Gjalddagi á greiðslu til sameiginlegs reksturs, sbr. 1. gr. skal vera 1.-5. hvers mánaðar. Flytji íbúi inn í sambýlið á fyrstu 15 dögum mánaðarins skal hann greiða fullt gjald, en hálf gjald flytji hann 16. dag mánaðar eða síðar.

3. gr.

Auk þess sem um getur í 1. gr. telst viðhald á heimilistækjum og nauðsynleg endurnýjun á sameiginlegum húsbúnaði og áhöldum til sameiginlegs kostnaðar við rekstur sambýlisins. Einnig kostnaður við sameiginlegar ferðir íbúanna, rekstur á bifreið sambýlisins sé um slíkt að ræða eða rekstur á bifreið sem fleiri sambyli hafa hugsanlegan aðgang að.

4. gr.

Greitt skal úr sameiginlegum sjóði sambýlisins fyrir starfsmann sem fer til fylgdar íbúa. Þessi regla gildir að því marki, að jafnvægi sé á nýtingu fjárens meðal íbúanna. Sé um mikil frávik að ræða skal viðkomandi íbúi greiða þennan kostnað úr einkasjóði sínum.

5. gr.

Greiðsluskylda íbúans til sameiginlegs reksturs sambýlisins skerðist ekki þótt hann sé fjarverandi í allt að tvær vikur í einu. Frá og með 15. fjarvistardegi greiðir íbúinn hálf gjald fyrir hvern fjarvistardag. Fullt daggjald er fundið með því að deila með 30,4 í upphæð mánaðargjaldsins. Í þá útkomu er deilt með tveimur til að finna frádráttarupphæðina fyrir hvern fjarvistardag.

6. gr.

Ef íbúi sambýlis flytur þaðan gilda sömu ákvæði um greiðslur fyrir farmánuð og fyrir komumánuð, sbr. 2. gr. Þegar íbúi flytur er sameinlegur sjóður uppgerður áður en greiðsla fyrir farmánuð er reiknuð. Brottflytjandi fær við brottför endurgreitt úr sameignarsjóði sambýlisins 60% þeirrar upphæðar sem fæst með því að deila í

eftirstöðvar sjóðsins með fjölda íbúanna. 40% renna aftur til sjóðsins sem afnota- og endurnýjunargjald innanstokksmuna og búnaðar.

7. gr.

Forstöðumaður sambýlisins, í umboði framkvæmdastjóra svæðisskrifstofunnar, ber ábyrgð á sameiginlegum sjóði þess og skal halda bókhald þar að lútandi, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 555/1994, um búsetu fatlaðra.

Einkasjóður íbúa.

8. gr.

Við undirskrift sammings þessa er ákveðið hvaða form skal vera á umsjón með einkafjármunum íbúans geti hann ekki annast sín fjármál alfarið sjálfur. Um eftirfarandi þrjá kosti er þá að velja:

- a. Íbúi sér um fjármál sín að mestu leyti sjálfur en nýtur aðstoðar og eftirlits forstöðumanns. Helstu útgjöld og tekjur skal færa í sjóðbók, en ekki er nauðsynlegt að nótur fylgi.
- b. Forstöðumaður sér um fjármál íbúans í samráði við hann eftir því sem mögulegt er. Færa skal sjóðbók yfir allar tekjur og gjöld. Hverri innlögn eða úttekt úr bankabók, sbr. gr. 9, skal fylgja sundurliðun á ráðstöfun fjárins. Nótur skulu ávallt vera fyrirbyggjandi nema um sé að ræða lægri upphæðir sem íbúinn fær sem vasapeninga og ekki er auðvelt að krefjast kvittana fyrir ráðstöfun þeirra frá þriðja aðila. Íbúinn skal þá kvitta fyrir móttöku fjárhæðar eða annar starfsmaður að staðfesta að íbúa hafi verið afhent fjárhæðin.
- c. Forstöðumaður annast alfarið fjármál íbúans. Um færslu á sjóðbók og meðferð fjárins gilda sömu ákvæði og í lið b.
- d. Lögskipaður fjárhaldsmaður annast fjármál íbúans eða foreldrar.

9. gr.

Tryggingabætur, laun og aðrar tekjur íbúans skulu lagðar inn á bankabók í hans nafni. Bókin getur verið í vörslu íbúans ef um fjármál hans fer skv. a-lið 8. gr. Ef um fjármál íbúans fer skv. b eða c lið 8. gr. skal bankabókin vera í vörslu forstöðumanns.

10. gr.

Þegar íbúi annast fjármál sín alfarið sjálfur getur Svæðisskrifstofa engu að síður krafist þess, að foreldrar eða forráðamaður, ef um hann er að ræða, ábyrgist umsamda greiðslu til sameiginlegs reksturs sambýlisins. Ef þessa er krafist skal skrá ákvæði þar að lútandi sem viðbótargrein með samningi þessum og öðlast hún gildi við undirskrift ábyrgðarmanns eða manna.

11. gr.

Foreldrar og/eða viðurkenndur eða lögskipaður forráðamaður íbúa geta hvenær sem þess er óskað fengið að yfirfara þau gögn sem tilheyra meðferð á einkasjóði íbúans, sbr. 8. gr. Forstöðumanni ber þá að veita aðgang að gögnunum og þær upplýsingar sem um kann að verða beðið. Telji foreldrar eða forráðamaður einhvers ábótavant í meðferð á einkafjármunum íbúa ber þeim að gera forstöðumanni grein fyrir því sem þeir telja að betur mætti fara. Verði ekki breyting á til batnaðar að þeirra mati skuli þeir/hann gera framkvæmdastjóra svæðisskrifstofunnar grein fyrir umkvörtunarefninu. Beri það heldur ekki árangur er unnt að leita aðstoðar trúnaðarmanns fatlaðra, sbr. 37. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Telji einhver aðila samnings þessa vera brotinn á sér réttur sem í honum er kveðið á um, getur sá hinn sami vísað máli sínu til svæðisráðs, sbr. 6. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra og reglugerð nr. 142/1993, um svæðisráð.

13. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn en hann fellur úr gildi um leið og undirritaður flytur úr sambýlinu eða yfirgefur það af einhverjum ástæðum.

14. gr.

Þegar og ef félagsmálaráðuneytið gefur út sérstakar reglur um bókhald sambýla og/eða meðferð á einkasjóðum íbúa, sem brjóta í bága við ákvæði þessa samnings skal gera nýjan samning í samræmi við reglur og fyrirmæli ráðuneytisins.

Dags. _____

Undirritaðir staðfesta hér með samning þennan og skal um meðferð á einkasjóði íbúans fara skv. _____ lið 8. gr.

Íbúi: _____
 Foreldrar/forráðamaður: _____
 Forstöðumaður/
 fulltrúi svæðisskrifstofu _____

Hér að neðan skal vélrita:

Nafn íbúa:_____ Kennitala:_____

Innritunardagur:_____.

Staðsetning sambýlis:_____

Fyrri heimilisfang:_____

Nánustu aðstandendur íbúans (nafn, heimilisfang, tengsl, sími):

Aðrar upplýsingar:

VERNDAÐIR VINNUSTAÐIR

Inngangur

Við endurskoðun Ríkisendurskoðunar á reikningsskilum málefna fatlaðra í hverju umdæmi fyrir sig kom í ljós töluvert ósamræmi milli verndaðra vinnustaða varðandi þjónustu við fatlaða starfsmenn auk mismunandi réttinda og starfskjara sem þeir njóta. Í framhaldi af þessu var ákveðið að taka til skoðunar rekstur verndaðra vinnustaða um allt landið.

Í reglugerð um verndaða vinnustaði frá árinu 1983 kemur fram að reynt skuli að hafa framboð á vinnu sem fjölbreytilegast til að mæta mismunandi afkastagetu, þroskamöguleikum, hæfni og löngunum fatlaðra. Við skoðun á vernduðum vinnustöðum má sjá að þessi liður reglugerðarinnar er mjög virkur. Vinnustaðirnir eiga fátt sameiginlegt hvað varðar framleiðsluvörur, sem gerir samanburði jafnframt erfiðari. Vinnustaðirnir eiga það hins vegar sameiginlegt að starfa við sömu forsendur laga og reglugerða um verndaða vinnustaði. Samanburður Ríkisendurskoðunar á vernduðum vinnustöðum byggir á þessari forsendu. Stuðst er við skýrslu Sambands verndaðra vinnustaða frá árinu 1992 um verndaða vinnustaði á Íslandi.

Niðurstöður

Verndaðir vinnustaðir starfa samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Engin reglugerð hefur verið gefin út um verndaða vinnustaði á grundvelli þessara laga. Hins vegar var gefin út reglugerð um verndaða vinnustaði nr. 329/1983 á grundvelli eldri laga. Í þessari athugun verður litið svo á að ákvæði hennar gildi áfram svo framarlega sem ákvæði hennar brjóti ekki í bága við hin nýju lög um málefni fatlaðra. Verndaðir vinnustaðir eiga annars vegar að veita fötluðum launaða starfsþjálfun svo að fatlaðir geti starfað á frjálsum vinnumarkaði. Þá eiga þeir hins vegar að veita fötluðum launuð föst störf. Ekkert er tilgreint í lögunum um launakjör fatlaðra né félagsleg réttindi. Í reglugerðinni er nánari útfærsla á starfsemi verndaðra vinnustaða. Samkvæmt henni er hlutverk vinnustaðanna þrens konar; þjálfun fyrir almennan markað, að skapa vinnu og endurhæfing. Flestir verndaðir vinnustaðir eru fyrst og fremst starfræktir til að skapa vinnu fyrir fatlaða einstaklinga sem ekki eiga kost á vinnu á almennum vinnumarkaði.

Rekstrarskilyrði verndaðra vinnustaða eru mismunandi. Það sem greinir þau einna helst í sundur eru;

- mishá framlög á hvern fatlaðan starfsmann,
- húsnæðisrými,
- húsaleiga,
- misjöfn þjónusta óháð fötlun,
- yfirstjórn vinnustaðanna,
- frammistöðumat.

Þá eru launakjör, félagsleg réttindi og þjónusta við fatlaða starfsmenn misjöfn.

Verulegur munur er á framlögum ríkisins til verndaðra vinnustaða. Á árinu 1993 er framlagið hæst til Örva um 1.013 þús. kr. á hvern fatlaðan starfsmann en minnst til Vinnustofunnar á Selfossi um 427 þús. kr. Munurinn felst m.a. í launakostnaði til fatlaðra starfsmanna, en laun hjá

Örva miðast við taxta Iðju á meðan forstöðumaður Vinnustofunnar á Selfossi metur tímakaup eftir getu og afköstum. Þá eru einnig aðrir þættir sem hafa áhrif á framlagið almennt milli vinnustaða, s.s. húsaleiga og þjónusta.

Húsnæðisrými vinnustaðanna ræðst verulega af þeirri starfsemi sem þar er unnin. Ríkisendurskoðun leggur ekki mat á nýtingu húsnæðis en vekur hins vegar athygli á rými hvers fatlaðs starfsmanns. Þannig hefur starfsmaður Iðjulundar og Sólheima um 12-14 m² en Bjargs, Heimaeyjar og Blindravinnustofunnar um 50-60 m². Þess skal hins vegar getið að árið 1994 var nýtt húsnæði tekið í notkun hjá Sólheimum sem er mun rýmra en það eldra.

Verndaðir vinnustaðir í húsnæði ríkisins greiða enga húsaleigu ólíkt þeim sem leigja hjá félagasamtökum og einkaaðilum. Þetta gerir það að verkum að veruleg frávik eru í kostnaði á hvert stöðugildi milli vinnustaða. Þannig greiðir t.d. Bjarg um 271 þús. kr. á árinu 1994 fyrir hvert stöðugildi í húsaleigu eða um 2.169 þús. kr. í heild, sem að nær tvöfaldar kostnað þar á hvert stöðugildi miðað við árið 1993. Þess má geta að kostnaður Vinnustofunnar á Selfossi var um 427 þús. kr. á hvert stöðugildi árið 1993. Það er því ljóst að verulegt ósamræmi er milli þessara tveggja vinnustaða. Vinnustofan er hins vegar í húsnæði í eigu ríkisins og greiðir því enga húsaleigu. Hér má því segja að um dulið framlag ríkisins sé að ræða sem gerir samanburðinn erfiðari.

Álag starfsmanna (ófatlaðra) er mismunandi eftir vinnustöðum. Ástæða þess getur falist í mismikilli þjónustubörf fatlaðra starfsmanna, þar sem gera má ráð fyrir að andlega og fjölfatlaðir einstaklingar þurfi mestrar þjónustu við. Ef litið er framhjá því að andleg fötlun geti verið mismunandi má ætla að álag á hvern starfsmann (ófatlaðan) sé meiri hjá Iðjulundi, sem hefur 1 starfsmann á fleiri en 4 andlega fatlaða, samanborið við Stólpa, með um 1,8 fatlaða á hvern starfsmann. Út frá þessari forsendu má ætla að þjónustan sé mismunandi eftir vinnustað. Til að forðast slíkt er nauðsynlegt að tekið sé upp nákvæmt samræmt mat á þjónustubörf fatlaðs starfsmanns þannig að misræmi verði ekki í framlagi til vinnustaðar.

Skipan stjórna verndaðra vinnustaða er mismunandi og ekki er í öllum tilvikum um að ræða að greiðendur kostnaðar hafi þar meirihluta. Þannig er háttáð með Verndaðan vinnustað á Vesturlandi og Örva. Heimaey var einnig með sérstaka stjórn en árið 1992 tók svæðisskrifstofan við stjórnun vinnustaðarins. Sérstök stjórn er yfir vinnustöðunum sem tilnefnd er af sveitarfélögum, félagasamtökum og ríkinu. Ríkið er þá í minnihluta eða

jafnvel ekki með neinn fulltrúa í stjórn þrátt fyrir að greiða allan kostnað umfram sértekjur. Hjá Verndaða vinnustaðnum á Vesturlandi er framkvæmdastjóri svæðisskrifstofu áheyrnarfulltrúi án atkvæðisréttar. Ríkið er þá áhrifalaust varðandi ákvarðanir sem snerta rekstur vinnustaðanna. Í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra er ekki gert ráð fyrir að vinnustaðir sem reknir eru af ríkinu hafi sérstakar stjórnir, heldur heyri undir svæðisskrifstofu og eftirlit sé í höndum svæðisráða, nema um annað sé samið. Ríkisendurskoðunin telur að fara eigi eftir ákvæðum laganna um yfirstjórn verndaðra vinnustaða.

Samkvæmt reglugerð um verndaða vinnustaði er tiltekið að einu sinni á ári skuli forstöðumaður í samráði við svæðisstjórn (svæðisráð) meta starfsgetu fatlaðs starfsmanns með tilliti til þess hvort unnt sé að útvega viðkomandi starf við sitt hæfi á almennum vinnumarkaði. Ríflega helmingi verndaðra vinnustaða er ætlað það hlutverk að þjálfa fatlaða starfsmenn fyrir almennan vinnumarkað. Samt sem áður framkvæma aðeins fjórir vinnustaðir formlegt frammistöðumat. Sumir framkvæma munnlegt mat og aðrir ekki neitt. Ríkisendurskoðun leggur til að úr þessu verði bætt og ennfremur að frammistöðumatsform verði samræmt milli vinnustaða.

Ákvörðun launa og félagslegra réttinda er yfirleitt háð mati stjórnar á hverjum vinnustað sem skapar verulegt misræmi milli þeirra. Í 11. grein reglugerðar um verndaða vinnustaði er tiltekið að öll almenn ákvæði kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaganna skuli gilda á vernduðum vinnustöðum auk laga og reglugerða er varða kjaramál og réttindi fólks til inngöngu í stéttarfélög. Samkvæmt þessu eiga fatlaðir að njóta sömu réttinda og almennir félagsmenn í viðkomandi stéttarfélagi. Þá er einnig hægt að gera sérstaka kjarasamninga er taka mið af almennum kjarasamningum, en slíkan samning þurfa bæði stéttarfélagin og vernduðu vinnustaðirnir að samþykkja og félagsmálaráðuneytið að staðfesta. Enginn slíkur samningur hefur verið gerður enda fæstir fatlaðir starfsmenn aðilar að stéttarfélögum. Fatlaðir starfsmenn njóta því ekki þeirra réttinda sem þeim ber varðandi launasamninga, aðild að stéttarfélögum og lífeyrissjóðum.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við yfirvinnuhlutfall starfsmanna verndaðra vinnustaða. Hlutfall yfirvinnu af dagvinnu er um 42% að meðaltali árið 1993. Fatlaðir starfa hins vegar eingöngu innan venjulegs dagvinnutíma og því einkennilegt að aðrir starfsmenn hafi svo mikla yfirvinnu. Algengasta skýringin er sú að hlutastörf eru algeng hjá starfsmönnum og er yfirvinnan því unnin á dagvinnutíma. Ríkisendurskoðun bendir á að mismunandi yfirvinnuhlutfall er milli vinnustaða t.d. er yfirvinnuhlutfallið hjá Ási 9,8% en 64% hjá Örva. Fjöldi

stöðugilda starfsmanna á vernduðum vinnustöðum þar sem ríkið er rekstraraðili er um 40. Þegar yfirvinnan er metin til stöðugildis þá er hún í heild jafnvirði um 17 stöðugilda.

1 Hlutverk og markmið verndaðra vinnustaða

Verndaðir vinnustaðir starfa samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra, en samkvæmt þeim eiga verndaðir vinnustaðir að veita fötluðum launaða starfsþjálfun svo að þeir geti starfað á frjálsum vinnumarkaði. Þá eiga þeir einnig að veita fötluðum launuð föst störf. Í lögnum eru engin ákvæði um launakjör fatlaðra eða félagsleg réttindi. Engin reglugerð hefur verið gefin út um verndaða vinnustaði á grundvelli þessara laga. Hins vegar var gefin út reglugerð um verndaða vinnustaði nr. 329/1983 á grundvelli eldri laga. Í þessari athugun verður litið svo á að ákvæði hennar gildi áfram svo framarlega sem ákvæði hennar brjóti ekki í bága við hin nýju lög um málefni fatlaðra. Í reglugerðinni er nánari útfærsla á starfsemi verndaðra vinnustaða.

Samkvæmt henni er hlutverk verndaðra vinnustaða að veita:

- fötluðum þjálfun og endurhæfingu til starfa á almennum vinnumarkaði
- þeim, sem ekki eiga kost á að starfa á almennum vinnumarkaði atvinnu við sitt hæfi
- starfsmenntun í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og/eða skóla á viðkomandi sviði

Sérhver vinnustaður skal uppfylla að minnsta kosti einn þessara liða. Flestir verndaðir vinnustaðir eru starfræktir til að skapa vinnu fyrir fatlaða einstaklinga sem ekki eiga kost á atvinnu á almennum markaði. Þá er meira en helmingi vinnustaðanna einnig ætlað það hlutverk að þjálfa fatlaða starfsmenn fyrir almennan vinnumarkað. Þrír verndaðir vinnustaðir, Bjarg, Iðjulundur og Sólheimar hafa það hlutverk að endurhæfa fatlaða auk þess sem þeir skapa vinnu, en einn vinnustaður, Reykjalandur, hefur eingöngu það hlutverk að endurhæfa fatlaða. Nánar má sjá markmið verndaðra vinnustaða í töflu 1.1.

Tafla 1.1 Hlutverk og markmið verndaðra vinnustaða

Vinnustaðir / Hlutverk	Þjálfun fyrir almennan		
	markað	Skapa vinnu	Endurhæfing
Arnarholt	X	X	
Ás	X	X	
Bjarg		X	X
Blindravinnustofan	X	X	
Heimaey		X	
Iðjulundur		X	X
Múlalundur	X	X	
Reykjal.			X
Saumastofa Öryrkjabandalags Íslands	X	X	
Sólheimar		X	X
Stólpi	X	X	
Verndaður vinnustaður Vesturlandi		X	
Vinnustofa Selfossi		X	
Örtækni	X	X	
Örvi	X		

Hjá Blindravinnustofunni og Örtækni er um að ræða bein framlög til Blindrafélagsins og Öryrkjabandalagsins sem sjá síðan um rekstur vinnustaðanna. Ekki hefur verið gerður þjónustusamningar við þessi félög og leggur Ríkisendurskoðun til að það verði gert.

2 Samband verndaðra vinnustaða

Þeir vernduðu vinnustaðir sem fjallað verður um hér eru flestir í sambandi verndaðra vinnustaða, S.V.V. Sambandið var stofnsett í nóvember 1985 og hefur nú 15 verndaða vinnustaði innan sinna vébanda. Þeir eru eftirfarandi:

Arnarholt, vinnustofa geðdeildar Borgarspítalans,
 Ás, vinnustofa Styrktarfélags vangefinna,
 Bjarg, plastiðja,
 Blindravinnustofan,
 Kertaverksmiðjan Heimaey,
 Iðjulundur,
 Múlalundur,
 Saumstofa Öryrkjabandalags Íslands,
 Sólheimar í Grímsnesi,
 Stólpi, verndaður vinnustaður,
 Verndaður vinnustaður á Vesturlandi,
 Reykjalundur,
 Vinnustofa Svæðisráðs Suðurlands,
 Örtækni, Tæknivinnustofa Ö.B.Í.,
 Örvi, starfsþjálfunarstaður.

Tilgangur sambandsins er að:

- stuðla að góðum samskiptum og samstarfi fyrirtækja og stofnana innan þess
- gæta hagsmuna verndaðra vinnustaða
- stuðla að samvinnu við önnur fyrirtæki, félög og félagasambönd, innan lands og utan, í upplýsinga- og fræðsluskyni varðandi verkefnaval, markaðsmál, innkaup, tækniþróun og annað það, sem stuðlar að hagkvæmum rekstri verndaðra vinnustaða
- vera stjórnarnefnd og svæðisráði um málefni fatlaðra til ráðuneytis um uppbyggingu og rekstur verndaðra vinnustaða, sé þess óskað.

Þeir staðir sem eru utan þessa sambands og ekki verður fjallað sérstaklega um hér eru:

Bergiðjan og Vinnustofur Kópavogshælis.

3 Samanburður verndaðra vinnustaða

Rekstrarskilyrði og aðstæður verndaðra vinnustaða er mismunandi. Það sem greinir þá einna helst í sundur eru mismunandi framlög til þeirra, húsnæði þar sem sumir greiða húsaleigu en aðrir ekki, fjöldi fatlaðra á hvern umsjónarmann óháð fötlun, stjórn vinnustaðanna, frammistöðumat ofl. Þá er þjónusta, launakjör og félagsleg réttindi fatlaðra starfsmanna innan vinnustaðanna misjöfn. Nánar verður hér fjallað um hvert það atriði sem skilur á milli verndaðra vinnustaða.

3.1 Stærð húsnæðis

Stærð húsnæðis verndaðra vinnustaða er mjög mismunandi og fer mikið eftir þeirri starfsemi sem þar er unnin. Gæta þarf hins vegar hagkvæmni í vali húsnæðis þar sem ónýttir fermetrar auka rekstrarkostnað vinnustaðarins. Til að gefa hugmynd um nýtingu húsnæðis má sjá í töflu 3.1. nýtingu fermeters á hvern fatlaðan starfsmann og er þá miðað við fjölda stöðugilda í maí 1992.

Tafla 3.1 Stærð húsnæðis

Vinnustaðir	Fj. fatl.1)	Hús m ²	Húsál. á ári ³⁾	M ² /stm.	Húsál. /m ²	Húsál. /stm.
Arnarholt	-	400		-	-	-
Ás	28	600	500	21	833	17.850
Bjarg 2)	7	406		58	0	0
Blindrav.st.	10	500		50	0	0
Heimaey	10	560		56	0	0
Iðjulundur	55	645		12	0	0
Múlalundur	55	1688		31	0	0
Reykjal.	50	-		-	-	-
S.st.Ö.B.Í.	8	199		25	0	0
Sólheimar	33	450		14	0	0
Stólpi	5	160	662	32	4.138	132.416
VVV	10	350		35	0	0
V.st.Selfoss	16	350		22	0	0
Örtækni	15	326		22	0	0
Örvi	17	448	2.540	26	5.807	149.412
Meðaltal		507		25		

- 1) *Hjá Reykjalundi og Sólheimum er ekki greint milli fatlaðra starfsmanna og ófatlaðra.*
- 2) *Bjarg flutti árið 1994 í nýtt húsnæði eða 566,5 m² og starfsmönnum fjölgði í 8 stöðugildi.*
- 3) *Í þús. kr.*

Eins og fram kemur í töflu 3.1. er verulegur munur á rými hvers starfsmanns. Húsrýmið er minnst á Sólheimum, 14 m², en mest á Bjargi 58 m² á hvern fatlaðan starfsmann. Árið 1994 var hins vegar nýtt húsnæði tekið í notkun hjá Sólheimum sem er mun rýmra en það eldra. Einnig flutti Bjarg starfsemi sína í nýtt húsnæði á árinu 1994. Fyrir nýja húsnæðið er greitt um 2.169 þús. kr. árið 1994 eða um 271 þús. kr. fyrir hvert stöðugildi. Þá er hver starfsmaður hjá Heimaey með um 56 m² og 50 m² hjá Blindravinnustofunni.

3.2 Húsaleiga

Þrír vinnustaðir eru í leiguhúsnæði, Ás, Stólpi og Örvi. Þá er Bjarg í leiguhúsnæði frá árinu 1993. Ás greiðir minnstu leiguna miðað við stærð húsnæðisins en Stólpi og Örvi greiða verulegan hluta af rekstrarfé sínu í húsaleigu. Sama er að segja um Bjarg árið 1994. Þess skal getið að húsaleiga Örva er mun meiri þar sem leigusali eignast árlega ákveðna hlutdeild í innréttingu samkvæmt leigusamningi. Að sögn forstöðumanns Örva er nú verið að kanna kaup á húsnæðinu og hefur verið óskað eftir framlagi til þess úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Aðrir vinnustaðir eru í

húsnæði sem er í eigu ríkisins og greiða enga húsaleigu fyrir það. Það má því segja að hjá þeim vinnustöðum sé um óbeint framlag til þeirra að ræða.

Ríkisendurskoðun telur rétt að athuga hvort eðlilegt sé að gera húsaleigusamning við alla verndaða vinnustaði sem eru í húsnæði ríkisins.

3.3 Fjöldi fatlaðra starfsmanna á hvern umsjónarmann

Flestir fatlaðir starfsmenn verndaðra vinnustaða eru andlega fatlaðir eða 69,5% eins og fram kemur í töflu 3.2. og unnin er upp úr skýrslu Sambands verndaðra vinnustaða frá árinu 1992.

Tafla 3.2 Fötlun starfsmanna og fjöldi í umsjón ófatlaðra starfsmanna

Vinnustaðir	St. gildi ófatl. stm.	Fj. stg. fatl./ófatl.	Líkamleg fötlun	Andleg fötlun	Blinda	Fjölfötl.	Annað
			12,1%	69,5%	2,7%	4,1%	11,5%

[Sundurliðun
fjarlægð úr
rafrænni
útgáfu]

Fjöldi fatlaðra starfsmanna í umsjá ófatlaðs starfsmanns er mjög breytilegur. Samkvæmt töflu 3.2. má gera ráð fyrir að mesta álagið sé á starfsmenn Örtækni en þar eru 7,5 fatlaðir starfsmenn á hvern ófatlaðan, en minnst er álagið á Stólpa, eða 1,8 fatlaðir á hvern starfsmann. Hins vegar má gera ráð fyrir þar sem fötlun starfsmanna er mjög mismunandi að andlega og fjölfatlaðir starfsmenn þurfi mestar þjónustu við. Þannig eru starfsmenn Örtækni flestir líkamlega fatlaðir en starfsmenn Stólpa eru allir andlega fatlaðir.

Þar sem andleg fötlun starfsmanna er misjöfn er mat á þjónustuþörf hvers vinnustaðar mjög erfitt. Ef litið er framhjá því má ætla að álag á hvern starfsmann sé meira hjá Iðjulundi, sem hefur 1 starfsmann á um 4,3 andlega fatlaða starfsmenn, samanborið við Stólpa, sem hefur 1,8. Út frá þessum forsendum má ætla að þjónusta við fatlaða starfsmenn sé mismunandi eftir vinnustað. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að gerður verði sérstakur staðall sem nota má til að meta þjónustuþörf á hverjum vinnustað fyrir sig. Þannig væri ennfremur hægt að ná fram samræmingu milli allra verndaðra vinnustaða.

3.4 Stjórn verndaðra vinnustaða

Skipun stjórna verndaðra vinnustaða er mismunandi og ekki er í öllum tilvikum um að ræða að greiðendur kostnaðar hafi þar meirihluta. Dæmi um slíkt er verndaður vinnustaður á Vesturlandi. Þar er þessu þannig háttáð að vinnustaðurinn er rekinn í tveimur sveitarfélögum en er að öllu leyti kostaður af ríkissjóði. Sveitarfélögin tilnefna í stjórn vinnustaðarins en framkvæmdastjóri svæðisskrifstofunnar er áheyrnafulltrúi. Enginn fulltrúi svæðisráðs er í stjórn staðarins. Ekki er fyrirbyggjandi samningur milli ríkis og sveitarfélaga um verndaða vinnustaðinn, en samkvæmt 13. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra ber svæðisráðum að eiga frumkvæði að því að unnið sé að samningum milli ríkis og sveitarfélaga um það að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða að hluta til eða að öllu leyti. Ekki er gert ráð fyrir því í ofangreindum lögum að vinnustaðir sem reknir eru af ríkinu hafi sérstakar stjórnir, heldur heyri þeir undir svæðisskrifstofu og eftirlit með þeim er í höndum svæðisráða, nema um annað sé samið. Eins og staðan er í dag þá tekur stjórnin ákvörðun um rekstur vinnustaðarins en svæðisskrifstofan sem engan ákvörðunarrétt hefur stendur undir kostnaði vegna þeirra. Þá er þessu eins farið með stjórn Örva. Yfir vinnustaðnum er sérstök stjórn skipuð 3 fulltrúum úr sveitarfélaginu og tveimur fulltrúum félagsmálaráðuneytisins. Ástæða þessa skipulags má rekja til stofnun Örva en vinnustaðurinn er stofnaður af Kópavogsbæ sem jafnframt er handhafi starfsleyfis. Hins vegar hefur enginn þjónustusamningur verið gerður við sveitarfélagið og ber ríkissjóður því allan kostnað af ákvörðunum stjórnarinnar, þrátt fyrir að fulltrúar sveitarfélagsins séu í meirihluta. Ríkisendurskoðun telur þessa stjórnskipun með öllu óviðunandi. Annað hvort þarf að gera þjónustusamning við sveitarfélagið eða vinnustaðurinn heyri alfarið undir svæðisskrifstofu og svæðisráð eins og lagaákvæði segja til um.

Þessu var eins farið með verndaða vinnustaðinn Heimaey. Stjórn staðarins var skipuð aðilum frá sveitarfélaginu, félagasamtökum og stéttarfélagi en svæðisskrifstofan stóð undir kostnaði. Stjórnin hætti störfum á árinu 1992 og færðist ábyrgð á starfsemi vinnustaðarins til svæðisskrifstofunnar á Suðurlandi.

Tafla 3.3 Stjórn verndaðra vinnustaða og greiðendur kostnaðar

Vinnustaðir	Stjórn	Fagl./fjárh.eftirl.	Stjórnarmenn tilnefndir af:	Greiðendur
Arnarholt	Stjórn Borgarsp.	Endursk.B.sp.	Borgarsp.	Borgarsp./ríki
Ás	Aðalstj. St.f.vangef.	Lögg.endursk.	Félagasamtök	Ríki/St.fél.vangef.
	Framkv.ráð félagsins	Svæðisráð	Félagasamtök	
Bjarg	Svæðisráð N-eystra	Fél.m.ráðun.	Svæðisráð	Ríki
Blindrav.st.	Aðalstj. Blindraf.	Lögg.endursk.	Félagasamtök	Ríki/Blindraf.
Heimaey	Svæðisráð	Svæðisráð	Sveitarfél./fél.samt./stéttarf.	Ríki
Iðjulundur	Svæðisráð N-eystra	Svæðisráð	Félagasamt/stéttarfélag	Ríki

Múlalundur	Sérst. stjórn staðarins	Lögg.endursk.	Félagasamt/stéttarfélag	SÍBS
Reykjalundur	Sérst stjórn staðarins	-----	Heilbr.m./félagasamt./stéttarf.	Iðnrekstur
Saum.Ö.B.Í.	Framkv.ráð Ö.B.Í.	Framkv. Ö.B.Í.	Félagasamtök	Ríki
Sólheimar	Fulltrúaráð kýs stjórn	Svæðisráð/ráðun.	Prestast./fulltr.ráð	Ríki/ýmsir styrkgr.
Stólpi	Svæðisráð Austurlands	Svæðisráð	Svæðisráð	Ríki
VVV	Sérstök stjórn	Svæðisráð	Sveitarf./félagasamtök	Ríki
V.st.Selfoss	Svæðisráð Suðurlands	Fél.ráðgj./frkv.stj.	Svæðisráð	Ríki
Örtækni	Framkv.ráð Ö.B.Í.	Frkr.ráð Ö.B.Í.	Félagasamtök	Ríki
Örvi	Sérst. stjórn staðarins	Svæðisráð	Félagsmálaráðun./sveitarfl.	Ríki

Stjórnir verndaðra vinnustaða eru uppbyggðar eins og fram kemur í töflu 3.3. Samkvæmt því er mat stjórnenda verndaðra vinnustaða á því hver hefur faglegt og fjárhagslegt eftirlit misjafnt. Í reglugerð um verndaða vinnustaði frá árinu 1983 segir að svæðisstjórnir skuli annast eftirlit með starfsemi verndaðra vinnustaða. Með nýjum lögum um málefni fatlaðra frá árinu 1992 er svæðisráði falið faglegt og fjárhagslegt eftirlit með aðstoð svæðisskrifstofu.

3.5 Fjárveiting

Fjárveiting til verndaðra vinnustaða er mjög mismunandi. Ef árið 1991 er skoðað sérstaklega þá má sjá samkvæmt skýrslu Sambands verndaðra vinnustaða að framlagið var mest til Bjargs eða um 1.650 þús. kr. á hvert stöðugildi á meðan það var minnst til Múlalundar um 48 þús. kr. Fjárframlag til rekstrar að meðaltali á hvert stöðugildi fatlaðs starfsmanna var um 488 þús. kr. árið 1991. Engin föst regla virðist vera hvað þetta varðar. Fjárframlag fer ekki eftir fötlun starfsmanna né hlutverki eða markmiði vinnustaðarins heldur mismunandi rekstrarkostnaði. Sumir eru í eigin húsnæði aðrir leigja, sumir með fagfólk í vinnu aðrir sækja þjónustuna annað. Í töflu 3.4. má hins vegar sjá fjárveitingu árið 1993 til þeirra vinnustaða þar sem ríkið er rekstraraðili.

Tafla 3.4 Fjárveiting til verndaðra vinnustaða ríkisins árið 1993

Fjárnr.	Viðefni	Sértekj.	Gjöld	Sölu-tekj.	Alls	Fj. stg. fatl.*	Framl. pr. stöðug.	Fjárlög pr stg.
07-702-130	Örvi	-77	21.382	-7.702	13.603	15,0	907	1.013
07-703-130	VVV	-4.825	18.143	-6.615	6.703	13,5	497	267
07-706-130	Iðjulundur	-2.325	24.596	-6.425	15.846	35,0	453	400
07-706-131	Bjarg	-27	9.731	-6.154	3.550	8,0	444	638
07-707-130	Stólpi	-459	6.370	-710	5.201	10,0	520	510
07-708-130	Vinnust. Selfossi	-1	9.589	-830	8.758	20,5	427	307
07-708-131	Heimaey	0	9.651	-3.538	6.113	10,0	611	640
07-711-130	Ás	-522	18.816	-4.451	13.843	29,0	477	393
		-8.236	118.278	-36.425	73.617	141,0	522	476

* Fjöldi stöðugilda fatlaðra árið 1994.

Af þessu má sjá að verulegur munur er á stuðningi ríkisins til þessara vinnustaða og munur þar sem mest er ríflega helmingi. Framlag ríkis á hvern fatlaðan starfsmann var að meðaltali um 522 þús. kr. árið 1993, mest til vinnustaðarins Örva um 907 þús. kr. og minnst til Vinnustofunnar á Selfossi um 427 þús. kr. á hvern starfsmann.

3.6 Þjónusta við fatlaða starfsmenn

Sumir vinnustaðirnir eru með mönnum stöðugildi fagfólks á meðan önnur sækja þjónustuna annars staðar, jafnvel frítt. Þeir staðir sem eru með mönnum stöðugildi fagfólks eru Ás, Saumastofa Ö.B.Í., Sólheimar, Vinnustofan á Selfossi, Örtækni og Örvi. Þess skal getið að Verndaður vinnustaður á Vesturlandi er með mannaða stöðu verkstjóra vinnustaðarins í Borgarnesi þrátt fyrir að stöðugildi sé ekki til staðar vegna þess. Launakostnaður verkstjórans er hins vegar gjaldfærður hjá svæðisskrifstofunni.

3.7 Faglegt frammistöðumat

Engin samræmd regla virðist gilda varðandi frammistöðumat fatlaðra starfsmanna. Fjórir vinnustaðir hafa útbúið sín eigin eyðublöð þar sem færðar eru inn upplýsingar um fatlaða starfsmenn. Þeir staðir eru Ás, Múlalundur, Vinnustofur Ö.B.Í. og Örvi. Mat þeirra er mjög svipað en Örvi fer hins vegar skrefi lengra og lætur fatlaða starfsmenn fylla út eyðublöð þar sem þeir leggja sjálfir mat á frammistöðu sína. Nokkrir vinnustaðir framkvæma frammistöðumat munnlega og aðrir virðast ekki framkvæma frammistöðumat á starfsmönnum sínum. Samkvæmt reglugerð um verndaða vinnustaði er tiltekið að einu sinni á ári skuli forstöðumaður í samráði við svæðisstjórn (svæðisráð) meta starfsgetu fatlaðs starfsmanns með tilliti til

Þess hvort unnt sé að útvega viðkomandi starf við sitt hæfi á almennum vinnumarkaði. Vegna þess telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að allir verndaðir vinnustaðir taki upp formlegt frammistöðumat, sérstaklega þeir staðir sem hafa það hlutverk að þjálfa fatlaða starfsmenn fyrir almennan markað.

3.8 Félagsleg réttindi

Félagsleg réttindi fatlaðra starfsmanna eru mjög mismunandi á hverjum stað eins og fram kemur í töflu 3.4. Fötluðum starfsmönnum er mismunað varðandi aðild að stéttarfélagi, milli vinnustaða og jafnvel innan vinnustaða. Sumir greiða félagsgjöld og í lífeyrissjóð, aðrir ekki. Þannig hafa til dæmis fatlaðir starfsmenn Bjargs alltaf átt aðild að stéttarfélagi á meðan verkalýðsfélög hafa hafnað aðild starfsmanna Iðjulundar. Þá hafa verkalýðsfélög hafnað aðild fatlaðra starfsmanna í Heimaey sem engu að síður greiða í Lífeyrissjóð Vestmannaeyja.

Í 11. grein reglugerðar um verndaða vinnustaði kemur fram að öll almenn ákvæði kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga skuli gilda á vernduðum vinnustöðum auk laga og reglugerða er varða kjaramál og réttindi fólks til inngöngu í stéttarfélag. Samkvæmt þessu eru stéttarfélagum í Vestmannaeyjum og á Akureyri ekki stætt á að neita fötluðum starfsmönnum um inngöngu í félögin. Þá skal fatlað fólk njóta sömu réttinda og aðrir í sama stéttarfélagi. Stéttarfélagum og vernduðum vinnustöðum er hins vegar heimilt að gera sérstaka kjarasamninga vegna vinnu á vernduðum vinnustöðum og vegna vinnu á dagvistarstofnunum er taki mið af almennum kjarasamningum, en félagsmálaráðuneytið skal staðfesta kaupliði slíkra samninga. Fjármáladeild félagsmálaráðuneytisins upplýsir að enginn hafi óskað eftir staðfestingu slíks samnings. Það er því ljóst að verndaðir vinnustaðir fylgja ekki þessari grein reglugerðar um verndaða vinnustaði.

Að sögn forstöðumanns eins vinnustaðar er ástæða þess að verkalýðsfélög vilja ekki taka við þessum einstaklingum sú að við það telur félagið sig þurfa að gefa út nýja launataxta sem myndi breyta allri viðmiðun. Bent hefur verið á að unglingatextar hafi verið gefnir út og samþykktir af verkalýðsfélögum. Því sé ekkert því til fyrirstöðu að hafa sér taxta fyrir fatlaða. Félögin eru aftur á móti tilbúin að taka við þessum aðilum ef vinnustaðirnir greiddu þeim laun samkvæmt gildandi launataxta. Ef þetta gengi eftir þyrfti væntanlega að auka framlög til vinnustaðanna verulega.

Sú hugmynd hefur komið upp að tekjutrygging launþega á vernduðum vinnustað yrði látin ganga upp í launagreiðslur vinnustaðarins. Þannig væri hægt að nálgast þau skilyrði sem verkalýðsfélögin setja fyrir inngöngu fatlaðra, þ.e. að skjólstaðingar þeirra fái greitt samkvæmt taxta félaganna. Þá væri æskilegt að laun starfsmanna væru hærri en bæturnar til vinnuhvatningar. Með þessu yrði hlutur fatlaðs starfsmanns tryggður bæði hvað varðar laun og einnig félagsleg réttindi. Ríkisendurskoðun bendir hins vegar á að hinn fatlaði fær og á rétt á örorkubótum vegna fötlunar sinnar og ekki er hægt eða rétt að taka þær af honum.

3.9 Launakjör fatlaðra starfsmanna

Laun fatlaðra starfsmanna, líkt og félagsleg réttindi þeirra, ræðst eingöngu af ákvörðun stjórnar á hverjum stað. Engin samræming er á milli vinnustaða eins og sjá má í töflu 3.4. Allir verndaðir vinnustaðir greiða orlofslaun nema einn. Þá eru veikindadagar ekki greiddir á fjórum vernduðum vinnustöðum og á Reykjalundi fá aðeins sumir starfsmenn greidda veikindadaga.

Tafla 3.4 Yfirlit yfir félagsleg réttindi fatlaðra starfsmanna árið 1992

Vinnust.	Aðild að stéttarf.	Gr í félagsgj.	Gr. í líf.sj.	Fá gr. orlofsl.	Fá gr. veik.d.	Ákvörðun launa
Arnarholt	0	Nei	Nei	Já	Nei	Mat verkstjóra
Ás	0	Nei	Nei	Já	Já	Innkomu - rekstr.kostn.
Bjarg	Allir	Já	Já	Já	Já	Samráð við svæðisráð
Blindrav.st.	3af16	Já	Já	Já	Já	Skv. Iðjutöxtum
Heimaey	0	Nei	Já	Já	Nei	Skv. taxta fiskv.fólks
Iðjulundur	0	Nei	Nei	Já	Já	Eigið matskerfi í 5 flokkum.
Múlalundur	19af61	Sumir	Sumir	Já	Já	Skv. kjarasamn. A.S.Í og V.S.Í.
Reykjalundur	24af32	Já	Já	Já	Já,sumir	Skv. Iðju, starfsþj. 60% taxta
Saum.Ö.B.Í.	0	Nei	Nei	Já	Já	Skv. Iðjutöxtum, 80-100%
Sólheimar	1af39	Já	Já	Já	Já	Stjórn ákvarðar laun
Stólpi	0	Nei	Nei	Nei	Nei	Eftir afköstum
VVV	Allir	Já	Já	Já	Já	Skv. Verkalýðsf. Akraness
V.st.Selfoss	0	Nei	Nei	Já	Já	Eftir getu og afköstum
Örtækni	0	Nei	Nei	Já	Já	Skv. Iðjutöxtum, 80-100%
Örvi	0	Nei	Nei	Já	Nei	Stjórn ákvarðar laun

Hver vinnustaður hefur sína reglu við ákvörðun launa og er hún háð mati yfirmanns eða stjórnar á hverjum stað eins og fram kemur í töflu 3.5. Það virðist því skipta fatlaðan starfsmann fjárhagslega máli hvar hann starfar. Flestir vinnustaðir styðjast þó að einhverju leyti við launataxta Iðju. Það skal hins vegar ítrekað að hér er stuðst við skýrslu sem unnin var fyrir Samband verndaðra vinnustaða um verndaða vinnustaði á Íslandi árið 1992. Launin eru því frá þeim tíma og ef einhverjar breytingar hafa átt sér stað síðan þá kemur það ekki fram í yfirlitinu.

Tafla 3.5 Yfirlit yfir laun verndaðra vinnustaða í þús. kr. árið 1992

Vinnustaðir	Ákvörðun launa fatlaðra starfsmanna	Laun pr. mán.
-------------	-------------------------------------	---------------

[sundurliðun fjarlægð úr rafrænni útgáfu]

- 1) Að lágmarki.
- 2) Miðað er við 85% af launataxta Iðju.
- 3) Árið 1991 var 2,6 millj. kr. deilt milli starfsmanna Iðjulundar eftir 5 flokka matskerfi. Hér er miðað við að um hlutfallslega skiptingu sé að ræða milli 45 starfsmanna.
- 4) Meðallaun eru aðeins reiknuð af þeim fjárhæðum sem fram koma á yfirlitinu.

Eins og fram kemur í töflu 3.5. eru laun á mánuði lægst hjá Iðjulundi en hæst hjá Heimaey. Starfsmenn Iðjulundar fá hins vegar greidd laun eftir 5 flokka matskerfi og fá því sumir starfsmenn mun hærra laun en 5 þús. kr. á meðan aðrir fá verulega minna. Töluverður munur er samt á milli þessara tveggja vinnustaða sem líklega má skýra með hversu alvarleg fötlun starfsmanna er. Þannig er Iðjulundur eingöngu með greindarskerta einstaklinga en hjá Heimaey eru flestir líkamlega fatlaðir. Hjá Heimaey starfa hins vegar nokkrir greindarskertir starfsmenn sem njóta sömu kjara og líkamlega fötluðu. Greindarskertir starfsmenn þessara tveggja stofnana njóta því misjafnra kjara eftir vinnustað.

Laun fatlaðra starfsmanna Örva eru 67,72% af lægsta taxta Iðju. Fyrir nokkrum árum var samþykkt í stjórn að launin skyldu vera 80% af lægsta taxta Iðju. Starfsmennirnir fengu hins vegar alltaf greidda sömu krónutölu óháð vísitöluhækkunum og þegar launin voru orðin 67,72% af lægsta taxta Iðju þá tók stjórnin ákvörðun um að þessi prósentutala skyldi ráða. Af þessu má sjá hve réttur fatlaðra starfsmanna er lítill á vernduðum vinnustöðum almennt.

Í 12. grein reglugerðarinnar um verndaða vinnustaði er tilgreint sérstaklega að gera skuli skriflega ráðningarsamninga milli vinnustaðar og starfsmanns. Lítið er um slíka samninga hjá vernduðum vinnustöðum og telur Ríkisendurskoðun að úr því verði að bæta.

3.10 Laun starfsmanna

Verndaðir vinnustaðir eru dagvinnustofnanir. Við skoðun á launum starfsmanna þeirra vernduðu vinnustaða sem njóta framlaga frá ríkinu kemur hins vegar í ljós að töluverð yfirvinna er unnin á þessum stöðum. Eins og fram kemur í töflu 3.6. er yfirvinnuhlutfallið 35,4% að meðaltali árið 1992 hjá 7 vernduðu vinnustöðunum í rekstri ríkisins auk vinnustaðarins Ás.

Hæst er hlutfallið hjá Verndaða vinnustaðnum á Vesturlandi (VVV) eða 59,4% og Heimaey 57,1%.

Tafla 3.6 Launagjöld starfsmanna verndaðra vinnustaða með framlag frá ríkinu árið 1992

Árið 1992	Verk- Örvi stjórn	Iðju- VVV lundur	Bjarg	Stólpi	Self.	Heima- ey	Ás	Alls
-----------	----------------------	---------------------	-------	--------	-------	--------------	----	------

[tafla fjarlægð úr rafrænni útgáfu]

- 1) "Önnur laun" eru ræstingar og aukagreiðslur.
- 2) Annað eru dagpeningar, fæðispeningar og aksturssamningar.
- 3) Yfirvinnuhlutfallið er yfirvinna deilt með dagvinnu, viðveru.

Laun allra ófatlaðra starfsmanna eru færð í gegnum starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis að Vernduðum vinnustað á Vesturlandi undanskildum. Föst laun starfsmanna þar eru færð í gegnum starfsmannaskrifstofuna en hins vegar er yfirvinna ásamt ræstingu færð í gegnum rekstur vinnustaðarins. Þá eru laun verkstjóra verndaðs vinnustaðar í Borgarnesi sem er útibú frá Akranesi færð á svæðisskrifstofuna í Borgarnesi og koma þau laun því ekki fram í launagjöldum vinnustaðarins.

Misjafnlega er staðið að greiðslu fyrir akstur starfsmanna og fæðispeninga. Sums staðar er greiðslan færð í gegnum starfsmannaskrifstofu en annars staðar eru akstursgreiðslur greiddar af rekstrarfé vinnustaðanna.

Hlutfall yfirvinnu af dagvinnu eykst verulega árið 1993 eða úr 35,4% í 42%. Sú aukning kemur aðallega til vegna yfirvinnu hjá Örva og verkstjórnar svæðisskrifstofu Reykjanesumdæmis, en þar er um að ræða aðstoð við fatlaðra á almennum vinnumarkaði. Það vekur athygli að starfsmönnum verndaðra vinnustaða, sem er ætlað það hlutverk að aðstoða fatlaða starfsmenn sem ekki vinna utan venjulegs vinnutíma, hafi svo mikla yfirvinnu. Að sögn forstöðumanns eins vinnustaðar er ástæða yfirvinnunnar sú að starfsmenn vinna flestir í hlutastörfum. Yfirvinnan er því unnin á dagvinnutíma vegna afleysinga. Í mörgum tilvikum væri litið á þessa vinnutilhögun sem kjarabót fyrir starfsmenn. Ríkisendurskoðun telur ástæðu til að taka ráðningarfyrikomulagið til endurskoðunar. Hæst er hlutfallið vegna verkstjórnar svæðisskrifstofu Reykjanes eða 99,9% en minnst hjá Ási eða 9,8%.

Tafla 3.7 Launagjöld starfsmanna verndaðra vinnustaða sem njóta beinna framlaga ríkisins árið 1993.

Árið 1993	Verk- Örvi stjórn	Iðju- VVV lundur	Bjarg	Stólpi	Selfoss	Heima- ey	Ás	Alls
-----------	----------------------	---------------------	-------	--------	---------	--------------	----	------

Dagv., viðvera	4.728	1.551	2.238	8.185	3.553	2.641	3.951	2.132	5.847	41.103
Dagv., fjarvist	1.336	6	72	83	5	66	121	72	132	3.234
Önnur laun*	8	1	582	265	13	222	10	1	236	1.347
Yfirvinna	3.027	1.549	1.340	2.260	830	621	1.226	1.247	571	17.246
Annað**	541	229	489	238	358	276	228	13	0	3.142
Laun án launat.gj.	9.640	3.335	4.720	11.031	4.758	3.826	5.537	3.464	6.786	66.072
Launat. gjöld	706	331	233	916	384	328	446	253	603	5.236
Launagjöld alls	10.346	3.666	4.953	11.946	5.143	4.154	5.983	3.716	7.389	71.308
Yfirvinnuálag**	64,0%	99,9%	59,9%	27,6%	23,4%	23,5%	31,0%	58,5%	9,8%	42,0%
Reikn. stöðugi.	6,0	1,5	2,3	9,6	3,6	3,0	4,8	2,4	6,9	40,1
Meðall. m.v. reikn. stg.	1.724	2.444	2.153	1.244	1.429	1.385	1.246	1.549	1.071	1.778

* "Önnur laun" eru ræstingar og aukagreiðslur.

** Annað eru dagpeningar, fæðispeningar og aksturssamningar.

*** Yfirvinnuhlutfallið er yfirvinna deilt með dagvinnu, viðveru.

Árið 1993 voru stöðugildi þeirra vernduðu vinnustaða sem hér um ræðir um 40. Þegar yfirvinnan er metin til stöðugildis má sjá að hún er jafnvirði um 17 stöðugilda.

4 Rekstur verndaðra vinnustaða með framlag frá ríkinu

Ríkissjóður er rekstraraðili Örva, Verndaðs vinnustaðar á Vesturlandi, Iðjulundar, Bjargs, Stólpa, Vinnustofunnar á Selfossi og Heimaey. Þá styrkir ríkissjóður vinnustaðinn Ás, Tæknivinnustofu Ö.B.Í. og vinnustofu Blindrafélagsins með beinu framlagi. Í þessum kafla eru rekstrarliðir þessara vernduðu vinnustaða skoðaðir að tveimur síðastnefndu undanskildum. Gerður verður samanburður milli ára 1992 og 1993 en til að samanburðurinn verði marktækari eru tölur ársins 1992 framreiknaðar miðað við launavísitöluna 2,51%, framfærsluvísitöluna 4,09% og byggingarvísitöluna 2,02%. Þá eru allar tölur í þúsundum króna.

Það vekur athygli við skoðun þessara vinnustaða að vörusala þeirra flestra dróst saman milli ára 1992 og 1993. Heildarsala þessara vinnustaða var um 69.956 þús. kr. árið 1993 samanborið við um 74.887 þús. kr. árið 1992. Samdrátturinn varð því um 4.931 þús. kr. milli ára eða um 6,6%. Vörunotkun jókst hins vegar en hún var árið 1993 um 34.952 þús. kr. en var um 32.420 þús. kr. árið 1992 sem þýðir aukningu um 2.532 þús. kr. eða um 17,2%. Þannig virðist álagning í heild hafa minnkað hjá vernduðum vinnustöðum eða birgðaaukning orðið milli ára. Í raun er skýringin hins vegar sú að hjá mörgum vinnustöðum voru birgðir fyrst taldar í árslok 1993 og því óljóst hver raunveruleg vörunotkunin er. Fullunnar vörur eru metnar á söluvirði hjá flestum vernduðu vinnustöðunum en hráefni á kostnaðarverði. Ríkisendurskoðun telur eðlilegra að allar birgðir séu metnar á kostnaðarverði, bæði hráefni og fullunnar vörur.

4.1 Örvi

Örvi, starfsþjálfunarstaður, er staðsettur í Kópavogi. Þar starfa 30 fatlaðir starfsmenn í 15 stöðugildum ásamt 9 ófötluðum starfsmönnum í 5,5 stöðugildum við framleiðslu á ýmsum plastvörum, plastumbúðum, svuntum, bökkum auk rafmagnssamsetninga og þökkunarþjónustu. Nánari sundurliðun vörusölu má sjá í töflu 4.1.1.

Allir fatlaðir starfsmenn Örva er lausráðnir, biðlisti enginn, en ávallt fullnýting stöðugilda að sögn forstöðumanns. Starfsþjálfun miðast við 18-36 mánuði og jafnvel lengur. Allir starfsmenn sem eru teknir inn fara fyrir eins konar inntökuteymi, sem metur hvort viðkomandi hafi þörf fyrir þjálfun. Ef teymið telur enga þörf fyrir þjálfun þá hefst atvinnuleit fyrir viðkomandi, en hann fær samt vinnu í 3 mánuði. Formlegur ráðningarsamningur er ekki gerður við fatlaða starfsmenn en þeir kvitta á markmiðalýsingu. Þeir segja hins vegar formlega upp.

Heildarsala Örva var á árinu 1993 um 11.039 þús. kr. en var um 10.070 þús. kr. árið 1992. Söluaukning varð því milli árána um 10,8%. Vörunotkun dróst hins vegar saman á þessum tíma um 2,4%, var um 3.337 þús. kr. árið 1993 en hafði verið um 3.420 þús. kr. árið 1992.

Tafla 4.1.1 Vörusala og vörukaup Örva árin 1992 og 1993

	Reikn. 1993	Framr. 1992	Hækkun milli ára	Hlutfalls- hækkun	Reikn. 1992
7117 Vörusala: Fatnaður,	-771	-885	-114	-12,9%	-850
7122 Vörusala: Iðnaðarvörur	-10.227	-9.087	1.141	12,6%	-8.730
7129 Vörusala: Ýmsar vörur	-41	-42	-1	-2,0%	-40
7190 Vörusala: Sölugjald	0	-56	-56	-100,0%	-54
7 Sala	-11.039	-10.070	970	9,6%	-9.674
8117 Vörukaup: Fatnaðar,	299	286	12	4,3%	275
8122 Vörukaup: Iðnaðarvörur	3.039	3.134	-95	-3,0%	3.011
8 Kaup	3.337	3.420	-83	-2,4%	3.286
Álagning	-7.702	-6.649	1.053	15,8%	-6.388

Þar sem vörusalan jókst á sama tíma og vörunotkun minnkaði má draga þá ályktun að breyting hafi orðið í álagningu eða birgðamati. Vörubirgðir eru samkvæmt efnahagsreikningi í lok árs 1993 um 3.092 þús. kr. en höfðu verið um 1.730 þús. kr. í lok árs 1992. Vörubirgðir vinnustaðarins eru metnar út frá kostnaðarverði. Að sögn forstöðumanns var hins vegar vörutalning í lok árs 1993 mun ítarlegri en áður hafði verið gert en við það kom í ljós að hluti vörubirgða hafði verið ótalin í árslok 1992 sem jók verðmæti vörubirgða. Þá var álagning vinnustaðarins einnig endurmetin á þessum tíma og í kjölfar þess aukin.

Aðrar sértekjur Örva drógust saman um 89% milli árána 1992 og 1993. Þessi samdráttur er að mestu leyti vegna 520 þús. kr. framlags úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til tækjakaupa sem aðeins var veitt árið 1992.

Tafla 4.1.2 Samanburður annarra rekstrarliða Örva

	Reikn. 1993	Framr. 1992	Hækkun milli ára	Hlutf - hækkun	Reikn. 1992
45 Seld þjónusta	-9	-77	-69	-88,8%	-74
48 Fjármunatekjur	-51	-102	-51	-49,8%	-98
49 Framlög og ýms. tekj.	-17	-520	-504	-96,7%	-500
4 Sértekjur	-77	-700	-623	-89,0%	-673
51 Launagjöld	14.643	13.198	1.445	10,9%	12.875
52 Vörukaup, alm.	1.398	1.294	105	8,1%	1.243
53 Vörukaup, sérgr.	253	308	-55	-18,0%	296
54 Þjónusta I	1.272	1.960	-688	-35,1%	1.883
55 Þjónusta II	4.523	4.712	-189	-4,0%	4.527
57 Fjármagnskostn.	217	275	-57	-20,9%	264
58 Eignakaup	436	744	-307	-41,3%	729
59 Tilfærslur	-1.362	0	-1.362		0
5 Gjöld	21.382	22.491	-1.109	-4,9%	21.817
Fjárbörf	13.603	15.141	-1.539	-10,2%	14.756

Heildarrekstargjöld Örva breyttust lítið milli ára. Veruleg aukning varð þó í launagjöldum. Árið 1992 voru þau 13.198 þús. kr. en urðu árið 1993 um 14.643 þús. kr., sem er aukning um 1.445 þús. kr., eða 10,9%. Við nánari skoðun launagjalda má hins vegar sjá að laun fatlaðra starfsmanna hækkðu milli ára um 20,5% og laun ófatlaðra hækkðu um 6,8%. Sú hækkun er aðallega vegna mikillar aukningar yfirvinnu ófatlaðra starfsmanna, en barnsburðarleyfi eins starfsmanns var leyst að hluta með aukinni yfirvinnu annarra starfsmanna. Hækkun launa ófatlaðra starfsmanna má að hluta rekja til þess að þeim var fjölgað um 4 á tímabili. Að sögn forstöðumanns er hækkun launa fatlaðra starfsmanna fólgin í því að þegar starfsmenn fara frá vinnustaðnum út á hinn almenna markað halda þeir plássi sínu í þrjá mánuði. Á árinu 1993 var hins vegar sáralítill hreyfing frá vinnustaðnum sem gerði það að verkum að fullbókað var allt árið, ólíkt árinu 1992.

Samdráttur í Þjónustu I kemur aðallega til vegna samdráttar í útgjaldalið vegna leigubílakostnaðar sem fór úr 604 þús. kr. árið 1992 niður í um 24 þús. kr. árið 1993. Þessi kostnaðarlækkun kemur til vegna lagabreytingar. Ríkissjóði bar að flytja fatlaða starfsmenn á þjónustustofnanir, en í kjölfar nýrra laga um málefni fatlaðra var þessi kostnaður fluttur yfir til sveitarfélaga.

Það vekur athygli Ríkisendurskoðunar að greidd eru vaxtagjöld vegna yfirdráttarheimildar um 181 þús. kr. árið 1993. Félagsmálaráðuneytið veitti heimild fyrir yfirdrætti í Búnaðarbanka Íslands, Kópavogi, á tékkareikningi vinnustaðarins samkvæmt bréfi dagsettu 7. janúar 1993. Heimildin hljóðar

upp á 1.500 þús. kr. Samkvæmt henni er hins vegar aðeins veitt heimild til yfirdráttarláns vegna reksturs árið 1993.

Verkstjórn svæðisskrifstofu Reykjanesumdæmis

Hér er um að ræða greiðslu til leiðbeinanda vegna vinnu fatlaðra starfsmanna á almennum markaði. Heildarútgjöld verkstjórnar hafa aukist um 20,9% milli árána 1992 og 1993 eins og fram kemur í töflu 4.1.3. Mest er aukningin í launagjöldum eða 42,1%. Það kemur eingöngu til vegna aukningar yfirvinnu leiðbeinandans en yfirvinna í hlutfalli við dagvinnu er 99,9% árið 1993. Ríkisendurskoðun telur ástæðu til að endurmeta ráðningarfyrikkomulag varðandi þetta starf.

Tafla 4.1.3 Samanburður rekstrarútgjalda verkstjórnar milli árána 1992 og 1993

	Reikn. 1993	Framr. 1992	Hækkun milli ára	Hlutfalls- hækkun	Reikn. 1992
51 Launagjöld	3.437	2.418	1.019	42,1%	2.359
52 Vörukaup, alm.	148	116	32	27,2%	112
54 Þjónusta I	329	424	-96	-22,5%	407
55 Þjónusta II	273	410	-137	-33,3%	394
57 Fjármagnskostn.	1	10	-9	-91,0%	10
58 Eignakaup	0	85	-85	-100,0%	84
	4.188	3.464	724	20,9%	3.365

4.2 Verndaður vinnustaður á Vesturlandi, VVV

Verndaður vinnustaður á Vesturlandi er staðsettur á Akranesi auk útibús í Borgarnesi. Stunduð er framleiðsla á plastvörum, teppaföldun og framleiðsla á pokum fyrir skreiðarhousa. Auk þess er starfrækt tækjaleiga og móttaka einnota umbúða. Þessi framleiðsla er unnin af 23 fötluðum starfsmönnum í um 13,5 stöðugildum. Þeim til aðstoðar er framkvæmdastjóri og tveir verkstjórar.

Þessir fötluðu starfsmenn eru ekki allir á launum. Í fullu starfi eru 7 starfsmenn, 8 eru í hálfu starfi og 8 eru í eina til tvær klukkustundir á dag. Þeir síðast nefndu eru ýmist á launum eða í verkþjálfun launalaust. Engir ráðningarsamningar hafa verið gerðir við fatlaða starfsmenn vinnustaðarins. Viðræður eru milli ríkis og Akraneskaupstaðar um að hinn síðarnefndi yfirtaki rekstur staðarins. Í kjölfar þess hefur starfsmönnum verið sagt upp frá og með áramótum. Að sögn forstöðumanns verða ráðningarsamningar gerðir við endurráðningu starfsmanna.

Vörusala jókst verulega milli ára. Árið 1992 var vörusalan um 11.487 þús. kr. en fór upp í kr. 13.747 þús. kr. árið 1993 sem er aukning um 2.260 þús. kr. eða 19,7%. Á sama tíma jókst vörunotkun um 1.912 þús. kr., úr 5.220 þús. kr. í 7.132 þús. kr. eða 36,6%. Álagning hefur því minnkað á þessu tímabili eða vörubirgðir aukist en þær voru í lok árs 1993 um 1.780 þús. kr. Það er hins vegar fyrsta árið sem birgðir eru færðar á efnahagsreikning og því ekki mögulegt að sjá hver birgðabreytingin varð milli ára. Hráefni eru metin á kostnaðarverði en tilbúnar vörur á söluverði. Að sögn forstöðumanns má gera ráð fyrir að álagning hafi farið lækkandi síðustu ár vegna samkeppni á markaðnum. Hráefniskostnaður ásamt öðrum framleiðslukostnaði hefur farið hækkandi án þess að þeim hækkunum væri velt út í verðlagið. Álagningin hefur nú verið til endurskoðunar hjá stjórn vinnustaðarins.

Tafla 4.2.1 Samanburður vörusölu og vörukaupa VVV árin 1992 og 1993

	Reikn. 1993	Framr. 1992	Hækkun milli ára	Hlutfalls- hækkun	Reikn. 1992
71221 Strigapokar	-7.050	-5.610	1.440	25,7%	-5.389
71222 Plastvörur	-2.084	-3.011	-927	-30,8%	-2.892
71223 Ljósaseríur	0	-341	-341	-100,0%	-328
71224 Lyfjaskápar	-279	-111	168	151,2%	-107
71225 Plastpokar	-4.333	-2.414	1.919	79,5%	-2.319
7 Vörusala	-13.747	-11.487	2.260	19,7%	-11.036
81221 Strigi	3.547	2.839	708	25,0%	2.730
81222 Plastráefni	670	384	286	74,3%	369
81223 Spennur og naglar	174	233	-59	-25,4%	224
81224 Skápaefni	309	69	240	349,0%	66
81225 Plastpokaefni	2.338	1.422	916	64,4%	1.367
81226 Efni v/ljósasería	94	0	94		0
8129 Vörukaup: Ýmsar vörur	0	273	-273	-100,0%	263
8 Vörukaup	7.132	5.220	1.912	36,6%	5.019
Álagning	-6.615	-6.267	348	5,6%	-6.016

Aðrar sértekjur drógust saman milli árána 1992 og 1993, en samdrátturinn er aðallega vegna framlags úr Framkvæmdasjóði fatlaðra árið 1993. Framlagið er hins vegar tvífært sem rekstrarkostnaður og stofnkostnaður bæði árin. Árið 1993 er það til dæmis fært annars vegar á tegund 4681, kostnaðarhlutdeild í sameign, og hins vegar á 4911, framlag. Í síðarnefnda er mótbókað á 5581, kostnaðarhlutdeild í sameign. Gjöld í þjónustu II hækkðu um 106,2% milli ára vegna þessa en hefðu annars dregist saman um 13,3%. Þá jukust heildargjöld um 8,7% í stað 0,2% samdráttar. Í töflu 4.2.2. er miðað við að leiðrétting hafi verið gerð.

Tafla 4.2.2 Samanburður rekstrar VVV árin 1992 og 1993

	Reikn. 1993	Framr. 1992	Hækkun milli ára	Hlutfalls- hækkun	Reikn. 1992
45 Seld þjónusta	-1.322	-1.208	114	9,4%	-1.161
46 Leigutekjur ofl.	-438	-779	-341	-43,8%	-748
48 Fjármunatekjur	-86	-3	83	3288,2%	-2
49 Framlög og ýms.tekj.	-1.490	-4.039	-2.549	-63,1%	-3.880
4 Sértekjur	-3.335	-6.028	-2.692	-44,7%	-5.791
51 Launagjöld	10.732	10.081	651	6,5%	9.834
52 Vörukaup, alm.	1.082	772	310	40,1%	742
53 Vörukaup, sérgr.	77	143	-66	-46,0%	137
54 Þjónusta I	977	1.066	-90	-8,4%	1.024
55 Þjónusta II	1.081	1.247	-166	-13,3%	1.198
57 Fjármagnkostn.	1.446	1.100	347	31,5%	1.057
58 Eignakaup	1.017	2.279	-1.262	-55,4%	2.234
59 Framlög	241	0	241		0
5 Gjöld	16.653	16.688	-35	-0,2%	16.226
Fjárförf	6.703	4.393	2.310	52,3%	4.419

Launagjöld vinnustaðarins jukust um 6,5% milli ára sem kemur til að mestu leyti vegna hækkunar dagvinnulauna.

Almenn vörukaup jukust um 40,1% sem er vegna kaupa varahluta í tæki og einnig verulegrar gjaldahækkunar á heitu vatni. Fjármagnskostnaður jókst einnig verulega milli áráanna eða 31,5%. Þar er tvennt sem veldur hækkuninni, annars vegar dráttarvextir sem jukust um tæpan fjórðung og hins vegar voru afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur sem ekki hafði verið gert árið 1992. Þess skal getið að ekki hefur verið óskað eftir samþykki Ríkisendurskoðunar fyrir afskriftum þessara krafna eins og vera ber.

Eignakaup drógust saman um 55,4% milli ára. Ástæða þessa er tvíþæslan árið 1992 en það ár er eignfært 1.600 þús. kr. á stofnkostnað. Þessi eignfærsla hafði hins vegar verið dreift á rekstrarliði í rekstrarviðfangsefninu.

Þá skal þess getið að greiðslur dagpeninga, ræstinga, yfirvinnu og vegna starfsmannabifreiða eru færðar í gegnum reksturinn en ekki í gegnum starfsmannaskrifstofu. Ríkisendurskoðun gerir athugasemd við ræstingar-kostnað en hann var um 409 þús. kr. árið 1992 og um 563 þús. kr. árið 1993. Forstöðumannaskipti áttu sér stað í október 1993 og er núverandi forstöðumanni ekki kunnugt um það hver viðmiðunin var við gerð samnings um ræstingar. Þessum samningi hefur nú verið sagt upp.

Í kafla 3.10. kom fram að yfirvinnuálag ófatlaðra starfsmanna var 59,9% árið 1993. Að sögn forstöðumanns vinnustaðarins veitti stjórn

vinnustaðarins heimild til að starfsmenn fengju yfirvinnu greidda af rekstri vinnustaðarins. Þess skal getið að starfsmannaskrifstofan á að annast allar launagreiðslur fyrir vinnustaðinn. Ríkisendurskoðun telur þennan hátt á greiðslu launa óeðlilega. Eins og áður hefur komið fram er stjórn vinnustaðarins mynduð af meirihluta úr sveitarfélagi þrátt fyrir að ríkissjóður sé rekstraraðili vinnustaðarins.

Aksturskostnaður forstöðumanns er greiddur af rekstrarfé. Engir aksturssamningar hafa verið gerðir við forstöðumenn. Forstöðumannaskipti urðu á árinu 1993 eins og áður hefur verið vikið að. Samkvæmt 7. grein reglugerðar nr. 580/1991 um bifreiðamál ríkisins er ríkisstofnun einungis heimilt að greiða fyrir akstur án samnings ef ríkisstarfsmaður fer einstakar ferðir á eigin bíl. Að öðrum kosti er ríkisstofnun óheimilt að greiða aksturinn nema að fyrirbyggjandi sé samningur við starfsmanninn. Ríkisendurskoðun leggur því áherslu á að aksturssamningur verði gerður við þessa starfsmenn, ef þeir uppfylla skilyrði.

4.3 Iðjulundur

Iðjulundur hefur aðsetur á Akureyri. Þar eru starfræktar saumastofur, þrjónastofur og kertagerð. Þá er unnið við þökkun og lóðaslátt. Framleiddar eru mjólkursíur, vinnuvettlingar, þrjónavettlingar, sokkar o.fl. Fatlaðir starfsmenn Iðjulundar eru 42 í 35 stöðugildum ásamt 12 ófötluðum starfsmönnum í 10 stöðugildum. Ráðningarsamningar hafa ekki verið gerðir við fatlaða starfsmenn.

Iðjulundur seldi vörur fyrir um 13.965 þús. kr. árið 1993 í samanburði við 15.500 þús. kr. árið 1992. Sölusamdráttur varð því um 1.535 þús. kr. milli árána eða 9,9%. Á sama tíma drógst vörunotkun saman um 1.296 þús. kr. eða 14,7%. Birgðir voru í lok árs 1993 um 6.957 þús. kr. en höfðu verið um 8.379 þús. kr. í árslok 1992. Fullunnar vörur eru metnar á söluverði að frádregnum 20% og hráefni á kostnaðarverði. Álagning dróst saman milli ára.

Tafla 4.2.3 Samanburður rekstrar árin 1992 og 1993

	Reikn. 1993	Framr. 1992	Hækkun milli ára	Hlutfalls- hækkun	Reikn. 1992
45 Seld þjónusta	-1.753	-1.650	103	6,2%	-1.586
48 Fjármunatekjur	-1	-9	-9	-93,9%	-9
49 Framlag	-571	-1.379	-808	-58,6%	-1.326
4 Sértekjur	-2.325	-3.039	-714	-23,5%	-2.921
51 Launagjöld	13.996	18.459	-4.463	-24,2%	18.007

52 Vörukaup, alm.	2.833	4.791	-1.957	-40,9%	4.606
53 Vörukaup, sérgr.	665	706	-41	-5,9%	679
54 Þjónusta I	743	501	242	48,2%	482
55 Þjónusta II	1.073	2.195	-1.122	-51,1%	2.110
57 Fjármagnkostn.	968	410	557	135,8%	395
58 Eignakaup	212	22	190	842,8%	22
59 Framlög	4.106	0	4.106		0
5 Gjöld	24.596	27.085	-2.489	-9,2%	26.300
71 Vörusala	-13.965	-15.490	-1.525	-9,8%	-14.891
81 Vörukaup	7.540	8.836	-1.296	-14,7%	8.495
Álagning	-6.425	-6.654	-229	-3,4%	-6.397
Fjárbörf	15.846	17.392	-1.546	-8,9%	16.982

Sértekjur Iðjulundar voru árið 1993 um 2.325 þús. kr. samanborið við um 3.039 þús. kr. árið 1992. Þær hafa því dregist saman um 714 þús. kr. milli árána eða 23,5%. Þessi samdráttur er að mestu vegna framlags úr Framkvæmdasjóði fatlaðra árið 1992.

Launagjöld drógust saman um tæpan fjórðung milli árána 1992 og 1993. Sú bókhaldslega breyting var gerð milli ára að laun fatlaðra einstaklinga voru færð á tegund 5914, framlag til einstaklinga, í stað 5111, laun. Ástæða þess er önnur skilgreining á greiðslum til fatlaðra. Ekki er litið lengur á þær greiðslur sem laun heldur styrk til einstaklinganna, en við það falla niður launatengd gjöld. Ríkisendurskoðun gagnrýnir þennan hátt á greiðslu launa og telur að Iðjulundi beri að greiða launatengd gjöld líkt og aðrir vinnustaðir. Á tegund 5914 eru færðar 2.683 þús. kr. Að teknu tilliti til þessa er launalækkunin 2 millj. kr., sem er aðallega fólgin í lækkun launagjalda fatlaðra starfsmanna. Það er annars vegar vegna þess að á árinu 1992 voru framleiddir vettlingar sem kröfðust mikillar frágangsvinnu af fötluðum starfsmönnum. Samdráttur varð á sölu vettlinganna á árinu 1993 og varð því að fækka fötluðum starfsmönnum. Hins vegar voru laun fatlaðra lækkuð vegna samdráttar í fjárlögum fremur en að grípa til frekari uppsagna.

Vörukaup, almennt, drógust saman um 40,9% milli árána. Þessi samdráttur er vegna breytinga í færslu keyptrar máltíða. Iðjulundur hefur árum saman keypt máltíðir af Vistheimilinu Sólborg. Þessi sala hefur verið færð sem sértekjur hjá vistheimilinu og gjaldfærð á keyptar máltíðir. Þar sem ekki er um beina sölu að ræða heldur kostnaðarhlutdeild hefur þessari bókuarfærslu verið breytt.

Fjármagnskostnaður jókst um 135,8%, fór úr 410 þús. kr. í 968 þús. kr. Skýringu á hækkuninni má finna í vaxtagjöldum og einnig í afskriftum á töpuðum viðskiptakröfum, sem voru færðar í fyrsta skiptið árið 1993 um 220 þús. kr. Þá var húsatrygging keypt í fyrsta skiptið það ár.

4.4 Bjarg

Bjarg hefur aðsetur á Akureyri eins og Iðjulundur. Það er að hluta til rekið sem verndaður vinnustaður og að hluta sem starfsþjálfun og endurhæfing. Fjöldi fatlaðra starfsmanna eru 16 í 8 stöðugildum. Að sögn framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu er fyrirbyggjandi ráðningarsamningar við fatlaða starfsmenn vinnustaðarins. Af þessum starfsmönnum eru 12 lausráðnir og 4 fastráðnir. Lausráðningin er í 6 mánuði og felst í starfsendurhæfingu. Ekki er um að ræða fastráðningu að þeim tíma liðnum. Skriflegt mat er lagt á starfsgetu þeirra. Starfsmenn eru 4 í jafnmörgum stöðugildum.

Vörusala hjá Bjargi var um 10.982 þús. kr. árið 1993 en hafði verið um 12.492 þús. kr. árið 1992 og hafði því dregist saman um 1.510 þús. kr. milli árana eða 12,1%. Salan er ekki sundurliðuð sérstaklega í bókhaldi stofnunarinnar og því ekki mögulegt að greina hvar samdrátturinn er mestur. Vörunotkunin var árið 1993 um 4.828 þús. kr. samanborið við 4.642 þús. kr. árið 1992 sem er um 186 þús. kr. lækkun eða 4%. Vörubirgðir eru metnar á sama hátt og hjá Iðjulundi, en þær voru um 4.739 þús. kr. í lok árs 1993 samanborið við um 4.381 þús.kr. árið 1992.

Tafla 4.4.1 Samanburður rekstrar milli áráanna 1992 og 1993

	Reikn. 1993	Framr. 1992	Hækkun milli ára	Hlutfalls- hækkun	Reikn. 1992
45 Seld þjónusta	-72	0	0		0
49 Framlög og ýms.tekj.	-200	0	0		0
4 Sértekjur	-272	0	272		0
51 Launagjöld	6.454	5.273	1.181	22,4%	5.143
52 Vörukaup, alm.	857	582	276	47,4%	559
53 Vörukaup, sérgr.	38	33	5	15,4%	31
54 Þjónusta I	1.000	603	398	66,0%	579
55 Þjónusta II	1.263	350	913	260,6%	337
57 Fjármagnskostn.	154	87	66	76,0%	84
58 Eignakaup	5	0	5		0
59 Framlög	-41	36	-77	-212,6%	35
5 Gjöld	9.731	6.964	2.767	39,7%	6.768
71 Vörusala: Iðnaðarvörur	-10.982	-12.492	-1.510	-12,1%	-12.001
81 Vörukaup: Iðnaðarvörur	4.828	4.642	186	4,0%	4.459
Álagning	-6.154	-7.850	-1.696	-21,6%	-7.542
Fjárpörf	3.304	-886	4.463	-503,6%	-773

Sértekjur Bjargs eru 272 þús. kr. árið 1993 en uppistaða þeirra er styrkur frá Iðnaðarráðuneytinu 200 þús. kr.

Heildargjöld Bjargs jukust um 44,9% milli áráanna 1992 og 1993. Það sem réð mestu um þessa hækkun var fjölgun ófatlaðra starfsmanna til aukningar launagjalda um 55,4%. Laun fatlaðra starfsmanna lækkuðu hins vegar um 23,9% á þessum tíma. Ástæða launalækkunar fatlaðra er breyting á hlutverki vinnustaðarins. Við yfirtöku vinnustaðarins frá Sjálfsbjörgu voru allir fatlaðir starfsmenn á fullum launum. Nýja hlutverkið fólst í starfsendurhæfingu og eru fatlaðir nú eingöngu ráðnir í 6 mánaða starfsendurhæfingu með um 10 þús. kr. á mánuði. Sá tími er einnig notaður til að afla þeim vinnu á almennum markaði. Ef það tekst hins vegar ekki er áframhaldandi starf ekki fyrir hendi. Stöðugildi til endurhæfingarinnar eru 6 en einnig eru 2 stöðugildi varanleg vernduð vinnupláss.

Veruleg aukning varð í Þjónustu II, en árið 1993 var húsaleiga greidd í fyrsta skiptið um 603 þús. kr. auk þess sem flutningskostnaður jókst um 181 þús. kr.

Bjarg flutti í nýtt húsnæði um síðustu áramót, um 566,5 fm², en eigandi þess er Framtak DNA hf. og er húsaleigan um 226 þús. kr. á mánuði. Húsaleigan var allt árið 1993 um 603 þús. kr. en verður um 2.700 þús. kr. árið 1994. Sú fjárhæð er hins vegar með innifalinn virðisaukaskatt og hefur

verið tekin sem innskattsstofn. Það þarf því að leiðrétta. Þrátt fyrir þessa kostnaðaraukningu er ekki gert ráð fyrir henni í fjárlögum ársins 1994.

4.5 Stólpi

Verndaði vinnustaðurinn Stólpi er staðsettur á Egilsstöðum. Þar eru framleidd m.a. ábót, skilti, hækilbönd, aðvörunarsnúrir og hæðarflísar. Þá er einnig starfrækt móttaka á einnota umbúðum, auk tilfallandi verkefna. Fatlaðir starfsmenn eru 14 í 6 stöðugildum, en ófatlaðir 3 í 2,5 stöðugildum en 0,5 stöðugildi kemur frá svæðisskrifstofu.

Allir fatlaðir starfsmenn Stólpa eru lausráðnir og án ráðningarsamnings. Biðlisti eftir vinnu er enginn og jafnvel möguleiki að bæta við fötluðum starfsmönnum. Að sögn forstöðumanns væri möguleiki að bæta við 4 stöðugildum fatlaðra. Ástæðan er sú að sögn forstöðumanns að vel hefur gengið að útvega fötluðum vinnu á almennum markaði.

Árið 1993 var vörusala Stólpa um 1.371 þús. kr. samanborið við 2.751 þús. kr. árið 1992, sem er samdráttur um 1.381 þús. kr. eða 50,2%. Stólpi er háður sjávarútvegnum vegna sölu ábóts. Minnkandi afli sjávarafurða hefur því dregið úr sölu vinnustaðarins. Vörunotkun drógst saman um 44,7%, var 660 þús. kr. árið 1993 en 1.194 þús. kr. árið 1992 sem er um 534 þús. kr. samdráttur. Álagning er óbreytt milli áranna. Birgðatalning var fyrst framkvæmd þegar langt var liðið á árið 1993 og síðan aftur í árslok. Í fyrri birgðatalningunni reyndust þær vera um 744 þús. kr. en voru komnar upp í 942 þús. kr. í lok ársins. Raunveruleg vörunotkun er því óljós. Birgðir fulluninna vara eru metnar út frá söluverði en óunnar út frá kostnaðarverði.

Aðrar sértekjur stofnunarinnar breyttust óverulega milli ára voru árið 1993 um 459 þús. kr. en árið 1992 um 467 þús. kr. sem þýðir samdrátt um 1,8%.

Tafla 4.5.1 Samanburður rekstrarreikninga Stólpa árin 1992 og 1993

	Reikn. 1993	Framr. 1992*	Hækkun milli ára	Hlutfalls- hækkun	Reikn. 1992
45 Seld þjónusta	-447	-428	-18	4,2%	-412
48 Fjármunatekjur	-13	-39	-26	-67,8%	-37
4 Sértekjur	-459	-467	-8	-1,8%	-449
51 Launagjöld	4.749	5.029	-279	-5,6%	4.906
52 Vörukaup, alm.	461	574	-112	-19,6%	551
53 Vörukaup, sérgr.	1	-42	44	103,2%	-41
54 Þjónusta I	330	377	-47	-12,5%	362
55 Þjónusta II	726	1.094	-368	-33,6%	1.051
57 Fjármagnskostn.	134	1	134	19795,4%	1
58 Eignakaup	195	5	190	3851,1%	5
59 Tilfærslur	-227	0	-227		0
5 Gjöld	6.370	7.037	-667	-9,5%	6.835
7129 Vörusala: Ýmsar vörur	-1.371	-2.751	-1.381	-50,2%	-2.643
8129 Vörukaup: Ýmsar vörur	660	1.194	-534	-44,7%	1.147
Álagning	-710	-1.557	-847	-54,4%	-1.496
Fjárförf	5.200	5.013	188	3,7%	4.890

Heildar rekstrargjöld Stólpa voru um 6.370 þús. kr. árið 1993 og höfðu þá lækkað um 9,5% samanborið við árið 1992, en það ár voru þau 7.037 þús. kr. á verðlagi ársins 1993. Það er einkum tveir útgjaldaliðir sem lækka mest, þ.e. laun og þjónusta II. Varðandi launagjöld er um að ræða lækkun bæði í dagvinnu og yfirvinnu ófatlaðra starfsmanna. Hins vegar varð lítil breyting í launum fatlaðra starfsmanna.

Meginuppistaðan í þjónustu II er húsaleiga sem er um 670 þús. kr. árið 1993 og er svo til óbreytt frá árinu 1992. Ástæða lækkunarinnar er því annar kostnaður sem féll einungis til árið 1992 vegna viðhaldsframkvæmda á fasteign vinnustaðarins.

4.6 Heimaey

Á verndaða vinnustaðnum Heimaey, sem staðsettur er í Vestmannaeyjum, eru 20 fatlaðir starfsmenn og 4 ófatlaðir. Stöðugildi fatlaðra eru 10 og ófatlaðra 3. Líkt og hjá Iðjulundi og Verndaðs vinnustaðar á Vesturlandi er stunduð kertaframleiðsla og saumaskapur á skreiðarpokum. Af stöðugildum ófatlaðra starfsmanna eru 2,5 stöðugildi vegna kertaverksmiðjunnar og 0,5 stöðugildi vegna hæfingarstöðvarinnar. Engir ráðningarsamningar hafa verið gerðir við fatlaða starfsmenn, en fastráðning er eftir 1 mánaðar reynslutíma.

Vörusala hjá verndaða vinnustaðnum Heimaey var um 6.041 þús. kr. árið 1993 en um 8.241 þús. kr. árið 1992 sem þýðir samdrátt upp á um 2.199 þús. kr. eða 26,7%. Ástæða þess eru erfiðleikar með dreifingaraðila auk harðrar samkeppni á kertamarkaðnum. Vörunotkun jókst um 65,6% á þessum tíma, var um 2.503 þús. kr. árið 1993 en um 1.511 þús. kr. árið 1992. Aukningin var því um 992 þús. kr. Það vekur athygli hversu miklar sveiflur eiga sér stað milli þessara ára í álagningu. Að sögn forstöðumanns skýrist það m.a. í umboðslaunum dreifingaraðila. Árið 1991 voru þau 15% en eru nú 30%. Ástæða þess eru meiri kröfur nýs dreifingaraðila. Birgðir aukast á þessum árum úr 1.363 þús. kr. árið 1992 í 5.866 þús. kr. árið 1993 þar af eru 2.601 þús. kr. vegna endurmats birgða. Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði.

Aðrar sértekjur Heimaeyjar eru óverulegar. Árið 1993 veitti Framkvæmdasjóður fatlaðra vinnustaðnum styrk til viðhalds og endurbóta á fasteigninni um 3.766 þús. kr. sem var ráðstafað eins og fram kemur í töflu 4.6.1. Óráðstafað var síðan fært á viðskiptareikning. Gera má ráð fyrir að hér sé aðeins um að ræða færslu gjalda milli ára.

Tafla 4.6.1 Ráðstöfun framlags úr Framkvæmdasjóði fatlaðra

	Árið 1993
4911 Úthlutað úr Framkv.sj. fatl.	-3.766
5233 Malbik, olíumöl og tengd efni	985
5442 Verkfr., tæknifræðingar ofl.	407
5534 Vörubifreiðar, dráttarbifr.	434
5536 Mokstursvélar og kranar	143
5544 Pípulagnir	247
5559 Önnur verkkaup	596
Óráðstafað	<u>955</u>

Heildar rekstrargjöld drógust saman um 25,6% milli ára. Árið 1993 voru rekstrargjöldin um 9.651 þús. kr. samanborið við um 12.972 þús. kr. árið 1992 sem þýðir samdrátt um 3.321 þús. kr. Stærsta einstaka gjaldalækkunin er vegna launa, um 500 þús. kr. Ástæða þess er kostnaður vegna fjarvistar ófatlaðs starfsmanns árið 1992. Laun fatlaðra starfsmanna stóðu í stað milli áranna. Þá var einnig veruleg lækkun í þjónustu II, um 469 þús. kr. sem er vegna viðhaldsframkvæmda sem ráðist var í árið 1992. Þar var um að ræða framkvæmdir að kröfu Vinnueftirlits ríkisins.

Lækkun útgjalda vegna þjónustu I er þrenns konar, í fyrsta lagi vegna ferðar erlendis sem farin var árið 1992, í öðru lagi vegna kostnaðar

starfsmannabifreiða sem greiddur er árið 1992 en enginn árið 1993 og í þriðja lagi dregst verkfræðikostnaður verulega saman milli ára. Lækkun í fjármagnskostnaði er vegna rekstrarstöðvunartryggingar sem keypt var árið 1992. Ekki þótti hins vegar þörf á slíkri tryggingu og var henni því sagt upp árið 1993.

Tafla 4.6.1 Samanburður rekstrar árin 1992 og 1993

	Reikn. 1993	Framr. 1992	Hækkun milli ára	Hlutfalls- hækkun	Reikn. 1992
48 Fjármunatekjur	0	-2	2	87,0%	-2
51 Launagjöld	7.156	7.655	-500	-6,5%	7.468
52 Vörukaup, alm.	895	815	79	9,7%	783
53 Vörukaup, sérgr.	953	821	132	16,0%	789
54 Þjónusta I	415	706	-290	-41,1%	678
55 Þjónusta II	1.387	1.856	-469	-25,3%	1.783
57 Fjármagnskostn.	688	888	-200	-22,5%	853
58 Eignakaup	93	218	-125	-57,4%	214
59 Framlag	-1.935	13	-1.948	-15338,6%	12
5 Gjöld	9.651	12.972	-3.321	-25,6%	12.580
71 Vörusala	-6.041	-8.241	-2.199	-26,7%	-7.917
81 Vörukaup	2.503	1.511	992	65,6%	1.452
Álagning	-3.538	-6.729	-3.191	-47,4%	-6.465
Fjárförf	6.113	6.240	-132	-2,1%	6.113

4.7 Vinnustofan á Selfossi

Á Vinnustofunni á Selfossi er unnið við vefnað, saumaskap, keramik, körfugerð, pökkun og útivinnu. Fjöldi fatlaðra starfsmanna er 24 í 20,5 stöðugildi og þeim til aðstoðar eru 5 starfsmenn í 5 stöðugildum, þ.a. er 1 stöðugildi frá svæðisskrifstofu. Hlutverk vinnustofunar er fyrst og fremst dagvist. Ekki er um ráðningarsamninga að ræða en að sögn framkvæmdastjóra svæðisskrifstofunnar er stuðst við reglur á almennum vinnumarkaði. Fatlaður starfsmaður hefur vinnu meðan hann þarf. Sú regla er viðhöfð við inntöku nýs starfsmanns að fyrsti mánuðurinn er launalaus.

Vinnustofan seldi vörur fyrir um 830 þús. kr. árið 1993 samanborið við 1.390 þús. kr. árið 1992, sem þýðir samdrátt um 560 þús. kr. eða 40,3%. Um var að ræða stóran samning við Íslandsbanka sem var tímabundinn við árið 1992 og einnig var um almennan samdrátt að ræða.

Engin vörukaup eiga sér stað á vinnustofunni. Hins vegar hafa fyrirtæki og almenningur styrkt staðinn með gjöfum sem nýttar hafa verið

sem hráefni. Þessar vörubirgðir hafa ekki verið metnar og ekki færðar í bókhaldi vinnustaðarins og mælist Ríkisendurskoðun eftir að úr því verði bætt. Gjafirnar ber að tekjufæra ásamt eignfærslu vörubirgða. Fullunnar vörur eru taldar um hver áramót og metnar miðað við söluverð, en ekki færðar í bókhaldið.

Aðrar sértekjur voru óverulegar á árinu. Árið 1992 var vinnustaðnum hins vegar úthlutað um 2.152 þús. kr. úr Framkvæmdasjóði fatlaðra sem var fært á stofnkostnað til tekna og gjaldfært á viðeigandi tegundir. Þar var m.a. um að ræða lokaframkvæmdir á lóð.

Tafla 4.7.1 Samanburður rekstrar Vinnustofunnar á Selfossi árin 1992 og 1993

	Reikn. 1993	Framr. 1992	Hækkun milli ára	Hlutfalls- hækkun	Reikn. 1992
48 Fjármunatekjur	-1	-1	0	-36,3%	-1
51 Launagjöld	7.114	6.238	876	14,0%	6.085
52 Vörukaup, alm.	1.629	1.798	-169	-9,4%	1.727
53 Vörukaup, sérgr.	9	1	8	541,1%	1
54 Þjónusta I	359	342	16	4,8%	329
55 Þjónusta II	285	462	-177	-38,3%	444
57 Fjármagnskostn.	193	155	38	24,4%	149
58 Eignakaup	0	56	-56	-100,0%	54
5 Gjöld	9.589	9.052	536	5,9%	8.790
71 Vörusala	-830	-1.390	-560	-40,3%	-1.335
Fjárþörf	8.758	7.661	1.097	14,3%	7.454

Heildar rekstrargjöld jukust um 5,9% milli ára eða um 534 þús. kr. Megin uppistaðan í rekstrargjöldum eru laun en þau voru um 7.114 þús. kr. árið 1993 samanborið við um 6.238 þús. kr. árið 1992. Launagjöld jukust því milli áranna um 14%. Ástæða aukningarinnar er fjölgun bæði ófatlaðra starfsmanna og fatlaðra.

Vörukaup almennt og þjónusta II drógu úr heildarhækkun rekstargjalda.

4.8 Ás, vinnustofa

Vinnustofan Ás er staðsett í Brautarholti 4 og 6 í Reykjavík. Rekstraraðili er Styrktarfélag vangefinna. Hjá vinnustaðnum starfa 39 fatlaðir starfsmenn í 29 stöðugildum og 7 ófatlaðir starfsmenn í 6 stöðugildum við sníðingu og saumaskap á ýmsum gerðum heimilisklúta, handklæðum og bleium. Þá á sér einnig stað pökkun og frágangur á endurskinsmerkjum, reiknivélarúllum, spólum og tímaritum í plast auk verktakaþjónustu.

Allir fatlaðir starfsmenn eru fastráðnir að einu stöðugildi undanskildu, en því stöðugildi er ætlað skammtímavistun. Fatlaðir starfsmenn eru fastráðnir eftir 1 mánaða reynslutíma. Ráðningarsamningur er gerður við alla starfsmenn þar sem fram kemur til hvaða starfa þeir eru ráðnir ofl. Ákvörðun um ráðningu er tekin af forstöðumanni í samráði við starfsmenn. Þá er félagsráðgjafi einnig til staðar. Að sögn forstöðumanns eru biðlistar eftir vinnu hjá Ás mjög langir.

Vörusala hjá vinnustofunni var um 11.981 þús. kr. árið 1993 en hafði verið um 12.956 þús. kr. árið 1992 sem þýðir samdrátt um 976 þús. kr. eða 7,5%. Á sama tíma drógst vörunotkun aðeins saman um 0,8%, var um 7.530 þús. kr. árið 1993 samanborið við um 7.591 þús. kr. árið 1992. Ástæða þess er sú að meiri sala var í vörum sem eru dýrar í framleiðslu. Vörubirgðir eru metnar á útsöluverði og lækkaðar síðan niður um 30%.

Tafla 4.1.2 Rekstur Áss, vinnustofu árin 1992 og 1993

	Reikn. Framr. 1993	Reikn. 1992	Hækkun milli ára	Hlutfalls- hækkun	Reikn. 1992
49 Framlög & ýms.tekj.	-522	-177	345	195,0%	-170
51 Launagjöld	13.343	13.185	158	1,2%	12.863
52 Vörukaup, almenn	1.456	2.401	-945	-39,4%	2.307
53 Vörukaup, sérgreind	2	2	1	39,9%	2
54 Þjónusta I	823	551	272	49,3%	529
55 Þjónusta II	2.813	2.813	0	0,0%	2.702
57 Fjármagnskostn.	379	347	32	9,4%	333
5 Gjöld	18.816	19.298	-483	-2,5%	18.735
71 Vörusala	-11.981	-	-976	-7,5%	-12.447
		12.956			
81 Vörukaup	7.530	7.591	-61	-0,8%	7.293
Álagning	-4.451	-5.365	-914	-17,0%	-5.154
Fjárbörf	13.843	13.757	86	0,6%	13.411

Sértekjur vinnustofunnar jukust verulega milli ára sem kemur til vegna framlags úr Framkvæmdasjóði fatlaðra árið 1993 til viðhalds fasteignar.

Rekstrargjöld drógust lítillega saman milli ára, voru um 19.298 þús. kr. árið 1992 en voru komin niður í 18.816 þús. kr. árið 1993 sem þýðir samdrátt um 483 þús. kr. eða 2,5%. Launagjöld í heild jukust óverulega en töluverðar breytingar urðu í öðrum rekstrarliðum. Þannig drógust almenn vörukaup saman um 39,4%, úr 2.401 þús. kr. í 1.456 þús. kr. eða um 945 þús. kr. Þessi lækkun kemur til vegna ýmissra rekstrarvara sem lækkuðu um 488 þús. kr. og einnig lækkuðu innkaup á verkfærum og áhöldum um 304 þús. kr. Að sögn forstöðumanns getur ástæða þessara lækkana verið vegna innkaupa í kringum áramót. Þannig geta innkaup verið mikil fyrir áramót 1992 og eftir áramót 1993.

Þjónusta I jókst um 49,3% milli áranna, var um 823 þús. kr. árið 1993 samanborið við um 551 þús. kr. árið 1992 eða aukning um 272 þús. kr. Gjafakostnaður jókst um 129 þús. kr. og annar fundakostnaður um 52 þús. kr. Hér er hins vegar um að ræða misræmi milli bókhalds og endurskoðaðan ársreikning vinnustaðarins þar sem gjafakostnaður dróst lítillega saman miðað við ársreikninginn. Þetta misræmi þarf að leiðrétta.

Fjármagnskostnaður vinnustaðarins er annars vegar vegna trygginga og hins vegar vegna fasteignagjalda. Hækkun þessa kostnaðar milli ára um 9,4% er vegna hækkunar fasteignagjalda.